

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1964 - 1968

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi
Básun
Básaskersbryggju
900 Vestmannaeyjum

Bók 4
Vélrit

Fundargerðabók

1. október 1964 - 27. nóvember 1968



141. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
fimmtudaginn 1. október 1964 og hófst kl. 20:45 í Akóges.

1. Formaður Friðrik Ásmundsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar. Samþykkt einróma.
3. Formaður sagði frá gjöf frá Bjarngerði Ólafsdóttur, er hún gaf félaginu neðstu hæð hússins Heiði til minningar um mann sem Guðjón Jónsson skipstjóra. Formaður sagði frá athugun stjórnar og nokkura annara félaga, ásamt verkfræðingi og smið um hvernig hagkvæmast mundi að breyta íbúðinni í fundarsal, skrifstofu, eldhús, forstofu og bað. Formaður kvað stjórnina þegar hafa athugað með menn til að skipa nefnd er sæi um breytingarnar ef fundurinn samþykkir. Það er tillaga stjórnar að nefnd þessari verði falið að sjá um breytingarnar og hafi óskorðað vald. Formaður sagði það álit stjórnarinnar, að annað hvort yrði að taka íbúðina alla í gegn, eða breyta ekkert.

Formaður las upp tillögu stjórnar um fjáröflunarleiðir, en fjár er all vant til framkvæmdanna, og reglur um húsnefnd.

Tillagan eru svohljóðandi:

Tillögur um stjórn og framtíð félagsheimilis s.s. Verðandi.

1. Fundurinn ákveður að kjósa þriggja manna nefnd, húsnefnd, formann, gjaldkera, ritara og jafnmarga til vara.
Húsnefndin skal hafa fullkomið vald í samráði við stjórn félagsins, til þess að láta breyta íbúð félagsins í félagsheimili.
2. Fundurinn ákveður að veita húsnefndinni lán til 120.000,00 úr styrktarsjóðnum gegn venjulegum innlánsvöxtum, eins og þau eru á hverjum tíma.
Lánið skal vera til 15 ára og skal fyrsta afborgun fara fram þremur árum eftir að lánið er veitt og skulu greiðast kr. 10.000,00 á ári + vextir.
3. Fundurinn ákveður að veita húsnefndinni allt að kr. 45.000,00 úr félagssjóði til breytinga á íbúðinni í félagsheimili.
4. Fundurinn ákveður að hækka árgjöldin í kr. 1.000,00 og skal öll hækkunin renna til húsnefndarinnar.

Engar umræður urðu og las formaður aftur upp tillögur stjórnarinnar og bar þar undir atkvæði lið fyrir lið og voru þær allar samþykktar.

Tillaga um Húsnefnd.

Jón Guðmundsson (formaður)

Einar Guðmundsson (Gjaldkeri), Steingrímur Arnarsson (ritari).

Varamenn, Angantýr Elíasson, Guðni Grímsson. Samþykkt einróma.

4. Formaður sagði frá rukkun árgjalda, síðastliðinn vetur, en það gerði Einar Guðmundsson frá Málmei og gaf hann innheimtulaun sín til styrktarsjóðsins og færði formaður honum bestu þakkir félagsins fyrir þann höfðingjaskap.

Formaður kvað nokkura menn ekki hafa borgað, en samkvæmt umsögn lögfræðings væri ekki svo gott að ná ársgjöldum af þeim, þar sem félagsgjöld okkar væru ekki svo sterk.

Formaður bar upp eftirfarandi tillögu sína um lagabreytingar.

Viðauki við lög félagsins.

"Fundurinn ákveður að veita gjaldkera hemild til þess að innheimta ársgjald af öllum sem skráðir eru stýrimenn eða skipstjórar á báta frá Vestmannaeyjum og njóta samningsréttar F.F.S.Í. við L.Í.Ú, hvort sem þeir eru í Verðanda eða einhverju öðru félagi utan eða innan F.F.S.Í."

5. Formaður skýrði frá því að hann hefði verið kosinn í skólanefnd stýrimannaskóla af bæjarstjórn og er nú kominn hér skóli sem er mjög vel búinn af tækjum, jafnvel betur en skólinn í Reykjavík. Formaður kvað það eina sem nú stæði á væru nemendur í I. bekk en fullsetið er í II. bekk.

Eftir er að fá samþykki Alþingis, en fari svo að það fái ekki verða nemendur að fara til Reykjavíkur til prófs.

Formaður upplýsti eftir fyrirspurn frá Hilmarí Rósmundssyni að bærinn bæri allan kostnað af skólanum en eftir samþykkt í Alþingi yrði farið fram á ríkisstyrk. Formaður kvað skólastjóra áætla rekstrarkostnað c.a. 500.000,00 kr. + tæki.

Formaður talaði fyrir tillögu um áskorun til samgöngumálaráðherra þess efnis að tekið yrði fyrir allar undanþágur og ættu þær að verða óþarfar þegar skóli væri kominn hér.

Ingólfur Matthíasson taldi að með þessu væri verið að setja fótinn fyrir jafnvel okkar eigin féлага, taldi að yngri menn sem búnir væri að læra, fengjust ekki á minni bátanna en færu heldur hásetar á þá stóru.

Hilmar Rósmundsson var Ingólfi sammála.

Steingrímur Arnar taldi varasamt að skora á ráðherra meðan þetta er ekki komið í gegnum Alþingi og gætum við stuðlað að þessu með öðru móti. Lagði til, að tillagan sé geymd til betri tíma og varð það ofan á.

6. Formaður ræddi hið nýja ákvæði í samningum þar sem er greiðsla útgerðarmanna í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi féлага og hvort stofna þurfti sér sjóð fyrir þetta, því samkvæmt samningunum skulu útgerðarmenn eiga einn fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Formaður skýrði frá samtali og samkomulagi við Jóhann Pálsson, formann útvegsbænda, að best væri að gera þetta upp um hver áramót, þar sem þetta fer eftir byggingum, 0,7% af tryggingaupphæð.

Jóhann Pálsson tók næstur til máls, minntist fyrri daga í félaginu og sagði sér finndist heldur daufar umræður, en sagði að áður fyrr hefðu stundum verið langir biðlistar og oft hiti í umræðum, þó allt færi vel. Jóhann óskaði félaginu til hamingju með húseignina og skoraði á félagið að gera hana með metnaði og sóma vel úr garði.

Jóhann fannst lítið til koma, að menn fengust ekki til að læra, eins og þetta væri aðeins stundarfyrirbrigði og yngri menn yrðu ekki eftirbátar hinna eldri. Taldi gott að útiloka ekki menn með minniþróf, og minni bátar nauðsynlegir. Ræðumanni fannst slæmt, að bærinn yrði að greiða rekstur skólans.

Þá vék Jóhann að tillagi í styrktar- og sjúkrasjóði og sagði að sér fyndist eðlilegast að gera þetta upp um áramót og að það rynni í gamla sjúkrasjóðinn, því engar reglur væru um störf þessara sjóða. Jóhann taldi ugglaut, að hægt væri að koma því sem fyrir að einhver Verðandafélagi sem jafnframt væri útvegsbóndi tæki sæti í sjóðstjórninni af hálfu Útvegsbændafélagsins.

Formaður þakkaði Jóhanni orð hans og minntist á störf hans og formennsku í félaginu, sem verið hafði til mesta blómaskeið þess.

Formaður taldi best að fela stjórn styrktarsjóðsins að innheimta 0.7% og halda því fé sér innan sjóðsins, þannig að það falli ekki saman við tillög og tekjur eða áheit þau sem sjóðurinn hefur haft til þessa.

7. Eyjólfur Gíslason minntist á þann drengskap, sem Óskar Matthíasson og skipshöfn hans á m/s Kló hefðu sýnt er hún bjargaði þýskum seglbát en var að fara upp í sandinn, síðastliðið sumar, og kröfðust ekki björgunarlauna.

Sagði Eyjólfur að sér fyndist vel viðeigandi að þetta geymdist í fundargerðarbókinni, sér fyndist það drengskaparbragð á þeim tímum, er ekkert væri gert án þess að greiðsla kæmi fyrir.

8. Formaður ræddi um þorskanet og þorsknot og kvað nauðsynlegt að koma á einhverjum reglum um þessi veiðarfæri þar sem þau færu ekki saman. Minntist einnig á að nú rigndi yfir menn kröfum um greiðslur landhelgissekta.

Helgi Bergvinsson spurði hvort þetta gæti ekki heyrt undir og það fengi hingað skip til að passa netin, því það næði engri átt að, nótabátarnir væru að göslast í netunum, en það yrði náttúrulega að koma á móti að netabátar færu ekki inn á svæði nótabáta.

Jóhann Pálsson sagði að hann hefði beðið bæjarfógeta að taka saman á lista sektir hvers manns og hygðist hann fela Guðlaugi Gíslasyni alþingismanni að fara með hann fyrir ráðhús og kvaðst vona að með því mætti fá einhverja eftirgjöf á landhelgissektunum eins og gjört var 1950.

Um neta og nótaveiði sagði Jóhann, að í vor hefði hann reynt að komast eftir hve mikið tapaðist af netum síðastliðinn vetur, af völdum nótaveiðanna. Ekki hefði sér tekist að fá tjónið uppgefið, en kvaðst giska á að það hefði numið 1-1 1/2 milljón króna.

Jóhann sagði að í Noregi hefði nótaveiði verið bönnuð en ekki hefði það sjónarmið ríkt hér. Síðastliðinn vetur hefðu um 50 skip stundað nótaveiðina, en gætu orðið 200-250 í vetur. Hér var djarft teflt og væri bráðnauðsynlegt fyrir byggðarlagið að taka þetta föstum tökum. Hvatti til að Verðandi og Útvegsbændafélagið hefðu forustu og snéru sér til Fiskifélagsins og viðkomandi ráðherra, en kvaðst hafa litla trú á landssamböndunum í þessu máli.

"Hér þarf að spyrna við fótum, og það í tíma" sagði Jóhann að lokum.

Hilmar Rósmundsson tók í sama streng og fyrri ræðumenn um nótaveiðina og kvað það nú myndi komið á daginn að nótafiskurinn væri ekki sú gæðavara, sem menn hefðu haldið.

Gísli Eyjólfsson varði nótaveiðina og taldi hana ekki meiri rányrkja en t.d. netaveiðar. Það hefði verið haft eftir fiskifræðingum í blóðum landsins s.l. vetur að mikið af nótafiskinum væri fiskur sem ekki fengist í önnur veiðarfæri, sökum stærðar, og ætti ekki annað eftir en drepast. Taldi, að ef menn væru hræddir við ofveiði bæri að setja ákvæði um hámarksveiði og gætu menn þá hætt er því marki væri náð, í stað þess að una að kjótla upp afla í seinvirkari veiðarfæri. Sagði dæmi um bát sem fékk 35 tonn í einu kasti við hlið netatrossu sem í væru innan við 150 fiskar daginn eftir, og væri þetta ekkert einsdæmi. Lagði að sér finndist út í hött að ætla að banna slíkt veiðarfæri, en hitt væri svo annað mál að net og nót færu afar illa saman, en kvaðst ekki sjá núna lausn á því í fljótu bragði, og þó netabátarnir hefðu oft bölvað nótabátunum þá hefði oft mátt heyra netabáta spyrja aðra um hvort þeir vissu hvar nótabátarnir væru að fiska og farið á það svæði og lagt innan um næturnar. Í sambandi við hinn slæma fisk sem Hilmar Rósmundsson hefði talað um væri þá sorgarsögu að segja að það hefði verið all mjög tíðkað af hinum stærri bátum að háfa allt inn og dreifa fiskinn um allt dekkið og blóðga er því var lokið, og yrði þá skiljanlega mikið af því dauðblóðgaður fiskur ekki sést ef næðist til að kasta strax aftur, þannig að 2-3 menn væru eftir til að blóðga. Gísli kvaðst þó vilja fullyrða að þetta hefði ekki verið tíðkað af Vestmannaeyjabátunum, þeir hefðu háfað eftir hendinni, enda vissi hann dæmi þess að fiskkaupmaður í Hafnarfirði hringdi í útgerðarmann Vestmannaeyjabáts sem hann fékk fisk af og kvað það lang fallegasta fisk sem hann hefði fengið í s.l. vetur, þakkaði fyrir og grennslaðist eftir hvort báturinn væri öðruvísi útbúinn en almennt tíðkaðist.

Formaður hvatti menn til þess að láta til sín heyra, hér væri stórmál á ferðinni og sama ástand væri að skapast og þegar togararnir voru hér flestir, því nú kæmi allur nótabátaflotinn.

Jóhann Pálsson kvaðst hissa á fiskifræðingum að láta það útúr sér, að nótafiskurinn sé fiskur sem er að drepast. Þetta væri eflaust fiskur sem mest byggðist á um viðhald stofnsins og væri hér til að gegna sínu hlutverki. Í netaveiði s.l. vertíðar hefðu um 60% aflans verið hrygna, en í nótaveiðinni um 90% og kvaðst óttast að það ætti eftir að koma niður á okkur seinna. Það væri enginn að tala um 10-15 Eyjabáta á nót, heldur væri hitt að allur flotinn kæmi á okkar mið.

Helgi Bergvinsson kvað Eyjabátana hafa passað vel að lenda ekki í trossunum, en það væri ekki hægt að segja um suma utanplássbátana, þó heiðarlegar undantekningar væru.

Helgi ræddi um að skipta á svæði milli neta og nóts, en leist ekki á það, þar sem svo gæti farið að enginn fiskur gengi t.d. á annað svæðið og væri hart að mega þá ekki fara þangað sem menn vissu von fiskjar.

Markús Jónsson lagði til að kosin yrði þriggja manna nefnd, sem skilaði álit eftir mánuð.

Gísli Eyjólfsson taldi það vera að hlaupast frá vandanum því að honum finndist ekkert ákveðið eða neinar ábendingar hafa komið fram í umræðum til lausnar vandanum, og skoraði á menn að segja sitt álit á málinu og láta væntanlega nefnd eitthvað veganesti í té. Sjálfur kvaðst hann ekki geta það því hann eigði enga tillögu til úrbóta, en kvaðst sammála Helga Bergvinssyni að ekki mundi heppilegt að skipta svæðum. Gagnvart upplýsingum Jóhanns Pálssonar um hrygnuna kvaðst hann vilja segja að hann myndi ekki til að hún hefði verið sortéruð úr netum, heldur þvert á móti verið aðaluppistaðan í netaflanum oft og tíðum. Kvaðst ekki sjá hvernig hægt væri að bægja bátum úr öðrum verstöðvum frá Eyjamiðum, að öllu óbreyttu, þó vissulega væri það best að við gætum setið að þeim einir.

Fleiri ræddu ekki þetta mál og var kosin 3ja manna nefnd.

Kosningu hlutu: Hilmar Rósmundsson, Helgi Bergvinsson, Sigurbjörn Sigurfinnsson.

9. Formaður bað menn ræða landshelgisrukkunina.

Nokkrir menn lýstu því yfir, að þeir mundu ekki greiða sektirnar, og tilgreindi einn þeirra, að meðan að kasta mætti nót hvar sem væri fyrir fisk og toga svo með hana langa vegu með því að bakka á meðan verið væri að snurpa þá borgaði hann ekki landhelgis sekt. Kvaðst hann hafa horft á nótabát austur við Holtshraun og gaf þess til, að hann hefði verið kominn um tvær mílur frá þeim stað er hann kastaði, en hann fékk hringina upp. Taldi nótina hreina botnsköfu.

Ögmundur Sigurðsson lagði til, að fenginn yrði góður maður til að skrifa ráðherra bréf, sem allir skipstjórar, sem sektaðir eru skrifuðu undir, og í því skýrð þessi mál og sýnt fram á hve mikið óréttlæti er hér að ske.

Hilmar Rósmundsson kvað margar tókurnar hæpnar og t.d. ætlaði hann í mál út af sinni, því það væri varla löglegt að tilkynna mönnum töku mörgum dögum seinna eða þeir heyrðu það jafnvel fyrst í útvarpinu.

Skorað var á Steingrím Arnar að taka að sér bréfskriftina, en hann skoraðist eindregið undan.

Steingrímur taldi þetta svo flókið mál að best væri að fá lögfræðing til þess, en svo væri einnig hér maður, Ármann Eyjólfsson sjóliðsforingi og skólastjóri, sem mundi geta gert þetta og hefði þekkingu og mundi hafa kynnt sér þessi mál og væri vel pennafær.

Bar fram þá tillögu að fela stjórninni að fá Ármann til að skrifa að þessu máli ásamt viðkomandi mönnum.

Var það borið upp.

Samþykkt.

10. Ögmundur Sigurðsson spurði hvort nokkurt hefði verið gert í landhelgismálinu, þannig að minni bátarnir gætu stundað veiðar næsta ár.

Formaður upplýsti að verið væri að vinna að þessu máli.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 23:30, 34 félagar sátu fundinn.

Friðrik Ásmundsson formaður.

Gísli Eyjólfsson ritari.

**142. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
miðvikudaginn 25. nóvember og hófst kl. 21 í Akóges.**

1. Formaður Friðrik Ásmundsson setti fundinn og bauð menn velkomna.
Því næst skýrði hann frá símtali er hann, þá fyrir stundu, hefði átt við Guðlaug Gíslason alþingismann, um samþykkt laga, fyrir stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum og frumvarpinu væri mikill styrkur í að fá meðmæli frá S.s. Verðanda.

Formaður bar upp svohljóðandi símskeyti í tillöguformi:

"Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis.

Til Guðlaugs Gíslasonar. Mælum eindregið með að frumvarp um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum sem liggur fyrir Alþingi verði samþykkt.

F.h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi. Friðrik Ásmundsson formaður".

Tillagan var samþykkt einróma og símskeytið sent til Reykjavíkur samstundis.

2. Formaður las upp inntökubeiðni 4 manna er óskuðu eftir, að gerast félagar, þeirra nöfn eru:
Friðrik Friðriksson, Svalbarða Vestmannaeyjum,
Hjörtur Hermannsson, Faxastíg 47 Vestmannaeyjum
Steingrímur Sigurðsson, Landagötu 11, Vestmannaeyjum
Þórður Sigurðsson, Vestmannabraut 33. Vestmannaeyjum
Voru þeir samþykktir með öllum atkvæðum og bauð formaður þá velkomna í félagið.

3. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt, mótatkvæðalaust.

4. Formaður tók næst til máls og sagði frá, að gott samstarf hefði verið með þeirri 3ja manna nefnd, er var kosin á síðasta fundi til viðræðna við stjórn Útvegsbændafélagsins sem kaus 3ja manna nefnd til starfa með okkar mönnum.

Þessi 6 manna nefnd samdi bréf, er hún sendi Björgunarfélagi Vestmannaeyja þar sem hún beinir því til Björgunarfélagsins, að það hlutist til um, að skora á Landhelgisgæsluna, að hafa sterka vörn og gæslu á netatrossum báta á komandi vetrarveiðum og skipuleggja þorsknótaveiðar að einhverju marki, ef hægt er.

Formaður las upp bréfið.

5. Formaður bað Guðjón Pálsson að segja eitthvað frá afmælinu.
Guðjón sagði að nokkur halli hefði orðið, samt væri það ekki að fullu uppgert.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 22:10, 20 félagar sátu fundinn.

Friðrik Ásmundsson formaður

Eyjólfur Gíslason vararitari.

143. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn 16. desember 1964 og hófst hann í litla sal Samkomuhússins kl. 20:40.

Í tilefni þess að Jón Jónsson fiskifræðingur var mættur hér í boði Verðanda, var öllum útvegsmönnum, sjómönnum og kennurum Sjómannaskólans hér, boðin þátttaka í fundarhaldinu og að frjálst væri, hverjum og einum að leggja fram spurningar til fiskifræðingsins, er tilheyrðu hans vísindum.

Formaður Friðrik Ásmundsson setti fundinn.

Bauð hann Jón Jónsson fiskifræðing og aðra gesti og félagi Verðanda velkomna á fundinn.

Þá tilnefndi hann Steingrím Arnar, sem fundarstjóra og bar það fram til samþykktar. Var Steingrímur kosinn fundarstjóri með öllum atkvæðum einróma. Að því loknu gekk Steingrímur til sætis ávarpaði fundarmenn og fiskifræðing og bauð orðið laust.

Jón Jónsson fiskifræðingur, tók þá til máls.

Þakkaði hann S.s. Verðanda og formanni Friðrik Ásmundssyni fyrir að hafa boðið sér hingað. Því næst tók hann til, að útskýra stór og mikil kortlögð línurit, sem á var markað fiskaklak, fiskagöngur og fiskveiðimagn á tilteknum árum.

Kortunum hafði verið komið fyrir á suðurvegg salarins, beint á móti fundarmönnum, er þeir gætu notið þeirra, sem best.

Fiskifræðingurinn sagði að ef reiknað væri með að hingað á miðin komu 200 milljón þorskar, mætti gera ráð fyrir, að um helmingur af því magni séu veiddar. Eru þá 100 milljónir eftir og taldi hann það yfir nóg til viðhalds stofninum.

Sé gert ráð fyrir 50 milljón hrygnu og 50 milljón hænga, og meðalþungi hverrar hrygnu (slægðar) 7 kg., hefur hver hrygna 7 milljón eggja, eða 1 milljón eggja, móti hverju 1 kíló fiskjar hrygnu.

Að um 60% fari forgörðum af kynþroska fiski, ýmist veiddur eða af öðrum orsökum. Mest af þeim fiski, sem hingað kæmi til hrygningar væri 8 - 10 ára gamall.

Áætlað væri, að um 50% af þeim fiski væri hér til hrygningar í fyrsta sinn, um 25% í annað sinn og 12 - 15 í þriðja sinn.

Hægt væri að sjá á fiskakvörnunum hrygningartíðni fiska.

Þá minntist hann bestu þorskaklaksára hér við land, frá því að farið var að fylgjast með þeim og að fiskirannsóknir hófust.

Talið væri að árgangurinn 1922 hefði skarað þar langt fram úr og hefði hans gætt í veiðunum allt fram að 1940 eða um 20 ár. Þá hefðu og árgangarnir 1924, 1929 og 1930 verið ágætir. 1945 mjög sterkur og 1950 dágóður, en árgangurinn 1955 brugðist að miklu leyti.

Í öllum þessum árgöngum hefði verið mismikið af Grænlandsfiski, er kominn var hingað í heita sjóinn til hrygningar. Grænlandsfiskurinn væri uppalin við léleg skilyrði og því auðþekktur úr öðrum fiski af vexti og þunga.

Þá kom hann að þorsk hrygningunni og að hún færi fram við sjávarbotninn. Hrognið væri 3 vikur að klekjast út frá gati, og á því stigi hrygningar, væri hættan mest fyrir klakið.

Þar næst tók hann til umræðu, veiðimagn og veiðarfæri síðastliðna vetrarvertíð. Sagði að árgangur frá 1956 hefði aðallega haldið uppi línuveiðunum, en á línunni hefði fengist fiskur allt niður í 40 sm. Aftur á móti hefði helst ekki fundist fiskur undir 70 sm. sem var fiskaður í net eða nót. Sagði að miklar umræður hefðu orðið um þorskanótaveiðarnar síðustu vertíð en frá fiskifræðisjónarmiði væri litið svo á, að sama væri, í hvaða veiðarfæri fiskurinn væri veiddur. Hann væri dauður, hvort sem er, og nótaveiðin ekki hættuleg fyrir stofninn í dag, að óbreyttu viðhorfi. Eftir athugun hefði komið í ljós að 65% af hrygnu hefði verið í nótafiskinum, þar af 9% af 14 ára, stórum fiski, en á línuna hefði veiðst 1% af 14 ára gömlum, stórum fiski.

Ekki taldi fiskifræðingurinn, að mikið væri að stóla á 14 ára, eða eldri árganga, komandi vertíð.

Árlega hyrfu 66% úr hverjum árgangi og með þeirri tölu væri venjulega reiknað en hæst hefur dánartalan, hér í Atlantshafinu komist upp í 65%, en Barentshafinu uppí 70% Þá sagði hann að árið 2000 myndu fiskveiðar ekki geta staðið undir afkomu Íslendinga, sem yrðu þá orðnir 3 til 4 hundruð þúsundir, eftir útreikningi hagfræðinga.

Þar með lauk hann máli sínu, en bauð mönnum að leggja fyrir sig spurningar ef þá langaði til og myndi hann reyna að leysa úr þeim efir getu og þekkingu.

Næstur tók Jóhann Pálsson til máls.

Þakkaði hann Jóni fiskifræðing komuna, og að það væri okkur ávallt mikill fengur að fá hingað lærða vísindamenn, og ekki vildi hann rengja þá, en reynslan myndi þó verða náminu ríkari. Rökstuddi það í langri ræðu og kom með mörg dæmi og tilvitnanir frá sinni formannstíð. Því næst lagði hann þessar spurningar fyrir fiskifræðinginn.

1.?. Er vitað hvort þorsk eða ýsustofnar séu minnkandi hér?

Fiskifræðingurinn svaraði: Að ýsustofninn virtist aukast, en þorskstofninn dragast saman en ekki ört. Ekkert líkt í Barentshafi. Okkar hjálp væri landhelgin.

2.?. Eru fiskifræðingar ekki hlyntir því sjónarmiði, að bestu hraunhrygningarblettirnir væru friðaðir fyrir öllum veiðum?

Svar. Við værum ekki enn þurfaði fyrir að friða fiskistofninn, - vísindalega séð. Því auka mætti veiðina um 25-30% til að fullnýta þorskstofninn.

3.?. Er ekki grundvöllur fyrir fiskiklaki í stórum stíl í sjó, til dæmis með lokun þröngra fjarðar, eða í sjávarósum?

Ekki taldi fiskifræðingurinn, að það yrði til mikilla nota, til viðhalds stofninum.

4.?. Er ekki ákveðið veiðimag, sem hámarknauðsyn og væri ekki rétt að skipuleggja veiðarnar í landhelginni, meira en nú er gert?

Fiskifræðingur sagði að sín skoðum væri að sjálfsagt væri að nytja landhelgina, sem allra mest og best, allt að 100%

5.?. Hvert er álit fiskifræðings á notkun fiskinótarinnar, á hrygningartíma þorsins og í ætisgöngum?

Þessari spurningu kvað fiskifræðingurinn hafa svarað í upphafi máls síns. Að allt væri í lagi með nótina, að óbreyttum aðstæðum.

6.?. Hvaða veiðarfæri eru talin fiskistofnunum hættulegust, net, nót, botnvarpa?

Svar: Öll veiðarfærin gerðu líkt tjón.

7.?. Eru síldarveiðarnar hér S- og SV-lands hættulitlar, gagnvart stofninum, þó þær séu svona mikið stundaðar á hrygningartímabilunum, og smásíldin drepin takmarkalaust?

Svar: Því miður þekktu þeir ekki ennþá síldina nógu vel og vísindalega. En það væri hann viss um, að slæmt væri að drepa smásíldina.

8.?. Hvar er þorskurinn aðallega á milli hrygningartímabila?

Svar: Vita það ekki.

9.?. Hrygnir þorskurinn allt í kringum land?

Svar: Aðallega við S- og SV-land. Við Norðurland byrjaði þorskur að hrygna 1925 vegna sjávarhita.

Þar með lauk Jóhann spurningum.

Eiríkur Ásbjörnsson gerði fyrirspurn. Hvort ekki ætti sér stað fiskiræktun hjá Dönnum, með klaki í sambandi við kolaveiðarnar?

Þá kom hann inn á skiptingu veiðisvæða og vörslu veiðarfæra.

Sagði nokkuð frá sinni reynslu á fiskveiðum og að fiskur færi hér minnkandi. Á sínum fyrstu formannsárum 1921 og þar á eftir, mest allt silfiskur er veiðst hefði.

Jón fiskifræðingur svaraði og sagði, að Danir hefðu ekki reynt kolaklak. En þeir hefðu gert tilraun með að flytja rauðsprettu nær einum ströndum, annars staðar frá.

Hilmar Rósmundsson tók næstur til máls. Þakkaði hann Jóni fiskifræðingi komuna hingað og sagðist hafa ætlað að leggja fyrir hann nokkrar spurningar, en sumum þeirra væri þegar svarað.

Fyrsta spurning Hilmars var:

Teljð þér þorsk- og ýsustofnunum hér við land engin hætta búin, þó að almennt yrðu teknar upp veiðar með nót, þrátt fyrir það að sannað er að mikill meirihluti fiskjarins, er veiddur er í þetta veiðarfæri er fiskur í hrygningu?

Svar fiskifræðings var að hann taldi hættulegt að nota síldarnót til ýsuveiða.

2.?. Af hvaða ástæðum álitid þér að norska stórþingið hafi bannað þorskveiðar með nót?

Fiskifræðingurinn sagði að það hefði verið af pólitískum erjum. En ekki frá ábendingum fiskifræðinga eða sjómanna.

Þá lagði Hilmar þessar spurningar fram.

Hvert er álit yðar á því þegar nokkur hundruð skip eru að ýsuveiðum, með mjög smáriðnar nætur á grunnsævi?

Liggja nokkrar skýrslur fyrir um það, hvað mörg þúsund tonn af ýsu voru veidd í nót, á miðum við Vestmannaeyjar síðastliðnar tvær vertíðar?

Álitid þér að nokkurt samband sé á milli ýsuveiðar í nót, og þess að á nýliðnu sumri sést ekki ýsa á svæðum, sem undanfarið hafa skilað árvissum afla?

Þessu svaraði fiskifræðingurá þá leið að klakstöðvar ýsunnar væru með allri suðurströndinni, Faxaflóa, Vestfjörðum og Norðanlands, en hraðasti vöxtur hennar væri við Ingólfshöfða og norður í Skjálfaflóa. Reiknað væri með af fiskifræðingum, að dánartala ýsunnar væri 60-65%

Því næst tók Sigurgeir Ólafsson til máls. Bauð hann Jón fiskifræðing velkominn hingað og lagði síðan fyrir hann þessar spurningar.

1. Spurning. Hafa fiskifræðingar haft árvissar rannsóknir á göngum, klaki og klaksstöðvum humars?

2. Spurning. Bendir aflatregða sú, sem var á humar s.l. sumar til þess að um ofveiði hafi verið að ræða undangengin sumur, eða er hægt að setja hana í samband við óhreinindi þau sem voru í sjónum hér í sumar?

3. Spurning. Væri ekki gagnlegt að fiskifræðingar ynnu ákveðið að því, að bátur væri settur í sumar, langa leit að nýjum humarsmiðum. Sami bátur gæti jafnframt stundað aðrar hagkvæmar rannsóknir.

4. Spurning. Hvaða álit hafið þér á þeim tilmælum sem fram hafa komið héðan frá Vestmannaeyjum um opnun landhelgis á ákveðnu svæði, fyrir togbáta, með ákveðinni hámarksstærð veiðarfæra?

5. Spurning. Álitid þér að togveiðar séu skaðlegar á hrygningarstöðvum síldarinnar?

6. Spurning. Hvert er álit yðar á framkomu tillögu á nýafstaðnu þingi L.Í.Ú., um að gefa bátum, allt að 80 rúmlestum, leyfi til dragnótaveiða?

7. Spurning. Hver er ástæðan fyrir því að fiskur sækir svo mjög í straumamót?

8. Spurning. Hver er ástæðan fyrir því að ýsan sækir mjög, að álit sjómanna, mikið grynna enn áður. Getur verið að hún sækji í sand sem sjórinn rótar upp?

Þessum spurningum svaraði fiskifræðingur þannig:

1.? Að nokkuð hefði verið athugað með humarveiðar og fiskifræðingar beittu sér fyrir því, að ofveiða hann ekki. Því sá stofn myndi ekki mikill, og varasamt væri, að sækja um framlengingu þeirra veiðileyfa.

2.? Að það væri í rannsókn, en ekki komnar skýrslur um.

3.? Svarið var að byrjað væri á að leita eftir humarmiðum og til dæmis hefðu fundist humarbleiður í Kolluál. Byrjað væri á merkingum á humar, en allt þetta væri á byrjunarstigi, í sambandi við humarinn.

4.? Þeirri spurningu sagðist hann svara, sem privat maður, ekki sem forstjóri fiskirannsókna. að nýta bæri landhelgina sem allra best á skynsamlegan hátt, en ekki mætti fara þar fram ofveiði né rányrkja.

5.? Sagðist ekki svo kunnugur því, en taldi það ekki æskilegt, að vera með botnvörpur á síldarhrygningarsvæðum, þar sem síldarhrognin læu í botni.

6.? Taldi varasamt að leyfa of mörgum og stórum bátum dragnótaveiðar.

7. og 8. ? Ekki viðbúinn að svara.

Þá stóð upp Ármann Eyjólfsson. Bauð hann fiskifræðing velkominn og þakkaði honum útlarpserindi er hann hafði flutt fyrir stuttu. Spurði því næst um þau snöggu umskipti sem urðu á karfaveiðunum er voru 70 - 80 þúsund lestir á togarana íslensku um 5 mánaða tíma, eða 2-3 sólarhringa að fylla skipin. Niður í tregfiski og ördeyðu 12-15 daga að fá 1/3 til 1/2 fermi.

Ármann taldi að mjög æskilegt væri að hér við Eyjar væri haldið uppi stöðugri fiskileit og botnrannsóknum og ættu Vestmannaeyingar að fá að leggja til reynda gamla Eyjasjómenn sem gætu gefið góðar upplýsingar af sinni reynslu og þekkingu.

Fiskifræðingurinn sagði að ofveiði á karfaveiðunum hefði átt sér stað á fjölda skipa frá flestum fiskveiðipjóðum.

Hannes Haraldsson gerði fyrirspurn með. Hvernig á það væri litið hjá fiskifræðingum það mikla klakát, hjá sjófuglum, er ætti sér stað á hrygningarsvæðunum, aðallega svartfuglinum?

Því svaraði fiskifræðingurinn að fyrir það bætti fuglinn fullkomlega með driti sínu í sjóinn. Því það væri sér besta og ákjósanlegasta fæði fyrir klakið á fyrsta lífverustiginu.

Ársæll Sveinsson tók næst til máls. Talaði hann á víð og dreif, og minntist sinna fyrri daga og sjómennsku ára. Að lokum spurði hann, um kjölinn í nýja fiskirannsóknarskipið?

Þessu svaraði Jón fiskifræðingur að vel væri fylgst með þeim málum og það væri í fullum gangi allar teikningar af þeim skipum, sem nú væru í smíðum og fyrir lægu, til fiski- og hafrannsókna, vel athugaðar og svo framvegis. Helst væri hallast að og hugmyndin væri að skipið yrði í líkingu við skuttogara.

Þá minntist Jón, okkar fyrsta fiskifræðings Bjarna Sæmundssonar. Að hans skýrslur og athuganir væru mjög merkar sem fiskifræðingar nú, hefðu mjög til athugunar og hliðsjónar í sínu starfi og að bókin Fiskarnir, væri nú álitin eitt hið merkasta rit, er hefði verið ritað í fiskivísindum.

Hann sagði að nákvæman afla og fiskiskýrslur hefðu mjög mikið gildi fyrir fiskifræðina og róðra og fiskital, þeirra Þorsteins í Laufási og Magnúsar á Vesturhúsum frá því um og fyrir íslensku aldamót og fram yfir 1930. Úr þeim væri nú verið að vinna á fiskirannsóknarstofunni og þættu þar mjög mikið heimildarit.

Hann þakkaði fundarmönnum góðar móttökur og ánægjulegan fund og lauk þar með máli sínu.

Jóhann Pálsson bar fram svohljóðandi munnlega tillögu:

"Fundur sjómanna og útgerðarmanna haldinn á vegum S.s. Verðanda í Vestmannaeyjum skorar á ríkisstjórnina að hraða sem mest yfirstandandi undirbúningi að smíði fullkomins fiskirannsóknarskips."

Tillagan var borin upp af fundarstjóra og samþykkt einróma.

Að því loknu sleit fundarstjóri fundinum með vel völdum orðum.

Fundurinn stóð núna 3 klukkutíma og hann sátu nær 100 manns.

Eyjólfur Gíslason
vararitari.

144. Aðalfundur
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi
var haldinn þriðjudaginn 29. desember og hófst kl. 21 í Akóges.

Formaður Friðrik Ásmundsson setti fundinn.

Vararitari las upp næstsíðustu fundargerð, sem var samþykkt mótatkvæðalaust.

Formaður bað Eyjólf Gíslason að minnast Sigfúsar Scheving, sem lést 23. maí á þessu starfsári. Hann var fyrsti ritari Verðanda. Byrjaði ungur að stunda hér sjó, á árskipum, um síðustu aldamót. Hann var fyrsti Vestmannaeyingurinn sem tók skipstjórnarpróf við Stýrimannaskólann í Reykjavík 1906-7. 1918 byrjaði hann að kenna sjómannafræði hér, undir hið minna fiskimannapróf, en veitti réttindi til skipstjórnar allt að 30 tonna stærð, er síðar var breytt í 60-120 tonn. Þessum sjómanna námskeiðum veitti hann forstöðu og var kennari þeirra um 20 ára skeið.

Sigfús Scheving var hið mesta ljúfmenni og öllum þeim mörgu er honum kynntust og hann kenndi, bera til hans hlýhug og blessa hans minningu.

Fundarmenn risu úr sætum, til að votta honum virðingu.

Formaður tók því næst til máls og flutti allýtarlegt yfirlit um störf félagsins s.l. ár.

Óskaði mönnum heilla og blessunar á nýja árinu og þakkaði gott samstarf til lands og sjávar á liðandi ári.

Þá minntist hann og merkisatburðar í sögu félagsins. En frú Bjarngerður Ólafsdóttir gaf S.s. Verðanda íbúðarhæð sína í húsinu Heiði, til minningar um látinn eiginmann sinn, Guðjón Jónsson skipstjóra.

"Ég vil á þessum aðalfundi færa frú Bjarnagerði innilegt þakklæti okkar og árnaðaróskir".

Þá sagði hann að á fundi félagsins, sem haldinn var 1. október s.l. var samþykkt tillaga stjórnarinnar í fjórum liðum um framtíð og skipum húseignarinnar. Samkvæmt henni var kosin húsnefnd.

Í þá Húsnefnd hlutu kosningu Jón Guðmundsson formaður, Einar Guðmundsson gjaldkeri og Steingrímur Arnar ritari. Varamenn: Angantýr Elías og Guðni Grímsson Helgafellsbraut.

Formaður taldi, að þar eð svo stutt væri síðan nefndin hefði verið kosin teldi hann óþarft og kjósa hana aftur nú á þessum aðalfundi. Samt lagði hann það undir álit fundarins. En að sjálfsgöðu verði þessi nefnd framvegis kosin á aðalfundi.

Þá minntist hann á lánin sem félagið myndi lána úr sínum sjóðum, þegar farið yrði að lagfæra og breyta íbúðinni og nefndi þær upphæðir, sem fengist hafði samþykkt fyrir á fundinum 1. október 1964.

5 menn gengu í félagið á árinu.

Formaður bað gjaldkera, Guðmar Tómasson, lesa reikninga félagsins fyrir síðasta starfsár. Niðurstöðutölur eru.

Félagsjóður

Gjöld kr. 52. 828,60

Tekjur kr. 65.643,38

Mismunur kr. 12.814,81

Skuldlaus eign kr. 87.746.81

Styrktarsjóður S.s. Verðanda

Niðurstöðutölur

Gjöld	kr. 17.000,00
Tekjur	kr. 40.790,19
Eign	kr. 179.846,22

Engar umræður urðu um reikninga félagsins. Voru þeir samþykktir einróma.

Formaður las upp ályktun í tillöguformi sem hljóðaði svo:

"Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, haldinn í Akógeshúsinu 6. október 1963, lýsir yfir því sem skoðun sinni, að mjög sé óeðlilegt að þeir meðlimir Verðanda sem jafnframt eru félagar í Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja neyti atkvæðisréttar þegar um ákvarðanir eru að ræða, sem snerta kaup og kjör mál annara félagsmeðlima Verðanda.

Fundurinn lítur svo á, að í slíkum tilfellum fari hagsmunir þessara tveggja félagasamtaka alls ekki saman og skorar á stjórn Verðanda að endurskoða lög félagsins til breytinga í þá átt, sem þessi ályktun felur í sér."

Um þessa ályktun urðu nokkrar umræður.

Til máls tóku Helgi Bergvinsson, Rafn Kristjánsson og Júlíus Sigurðsson.

Helgi sagði að þetta væri ekki nýtt mál í þessu félagi. En það væri reglan og viðgengist víst í öllum félögum að vinnuveitandi hefði ekki atkvæðisrétt í kaupdeilum eða kjaramálum.

Að umræðum loknum, var tillagan borin upp til samþykktar.

13 greiddu atkvæði með tillögunni, en 7 sátu hjá en greiddu ekki mótaskvæði.

Tillagan náði því ekki fram að ganga þar sem lög félagsins mæla svo fyrir að 2/3 atkvæða þurfi á aðalfundi, til að breyta eða bæta inni lög félagsins.

Því næst bar formaður upp svohljóðandi tillögu:

"Ennfremur skorar fundurinn á stjórnina, að breyta lögum félagsins í sambandi við fundarsókn, þannig að sé fundur löglega boðaður, sé hann löglegur."

Þessi tillaga var samþykkt einróma.

Júlíus Sigurðsson sagði að það myndi frekar glæða fundarsókn ef fundarefni væri auglýst með fundarboði.

Þá var tekið til umræðu ársgjaldið og hvað mikið skyldi af því fara í styrktarsjóðinn.

Urðu um það nokkrar umræður, til máls tóku:

Júlíus Sigurðsson sagði að hér væru lægstu félagsgjöld og benti á þá leið, hvort ekki mætti hafa fast gjald kr. 700 og kr. 300 aukagjald, svo þeir aðkomumenn sem hér væru komust ekki af með að borga minna hér en annarsstaðar. En þar sem lög félagsins og styrktarsjóður yrðu ákveðið fyrir hvernig ársgjöldin skyldu afskrifast, mætti fara varlega og finna góða og rétta aðferð að afla í húsviðgerðarsjóðinn.

Kristinn Pálsson taldi að fara yrði eftir félagslögnum.

Ólafur S. spurði hvort ekki mætti nefna þetta öðru nafni en ársgjald t.d. húsgjald, hækkunina á gjaldinu.

Sigurgeir Ólafsson taldi að þetta gæti rakið sig, ef styrktarsjóður fengi ekki nema helming þeirra % prósentu frá því sem var.

Svohljóðandi tillaga kom fram:

"Fundurinn ákveður að framlag til styrktarsjóðsins verði 20%."

Tillagan var samþykkt einróma.

Formaður las svo upp tvær tillögur til samþykktar, en þær voru ræddar og afgreiddar á félagsfundinum 1. október 1964.

I. Fundurinn ákveður að hækka ársgjöldin í kr. 1000,00 og skal öll hækkunin renna til húsnefndarinnar.

Tillagan samþykkt með öllum atkvæðum.

II. Viðauki við lög félagsins.

Fundurinn ákveður að veita gjaldkera heimild til þess að innheimta árgjald af öllum, sem skráðir eru stýrimenn eða skipstjórn á báta frá Vestmannaeyjum og njóta samningsréttar F.F.S.Í við L.Í.Ú. hvort sem þeir eru í Verðanda eða einhverju öðru félagi, utan eða innan F.F.S.Í.

Tillagan var samþykkt mótatkvæða laust.

Formaður las upp, svohljóðandi símskeyti:

"Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi Vestmannaeyjum.

Guð gefi ykkur og fjölskyldum ykkar Gleðileg jól. Gott og farsælt komandi ár. Þakka auðsýnda vinsemd á liðnu ári. Kveðjur.

Gerða Ólafsdóttir."

Fundarmenn þökkuðu skeytið með lófaklappi.

Formaður las upp svohljóðandi bréf er stjórn S/S Verðandi hefði borist.

"Ég undirritaður leyfi mér hér með að færa þess á bót við stjórn S/S Verðandi að hún leggji fyrir félagsfund beiðni mína, um lán að upphæð kr. 40.000,00 úr styrktar- og sjúkrasjóði félagsins, sem endurgreiðist með venjulegum bankavíxlum á næstu fjórum árum.

Sem tryggingu fyrir greiðslu lánsins veiti ég félaginu forgangskröfu í væntanlegum skaðabótageiðslum vegna slys þess er ég lenti í 7. mars s.l.

Að lokum sendi ég félaginu þakkir mínar fyrir veitta aðstoð á árinu, sem er að líða.

Virðingarfyllt,

Georg Stanley Aðalsteinsson Vestmannabraut braut 35."

Um þetta bréf urðu nokkrar umræður og flestar á einn veg. Að tryggingin væri ónóg og engin og því ekki hægt að lána fé úr sjóðnum út á vafasamar og engar tryggingar. Var bréfinu því algjörlega synjað á þeim forsendum.

Þá var Guðjón Pálsson beðinn að segja frá útkomu á árs hátíð félagsins. Sagði hann að vísu hefði orðið lítilsháttar halli á þeirri útgerð en ekkert líkt því og orðið hefði hjá öðrum félögum, svo sem vélstjórum og verslunarfólki. Las síðan upp niðurstöðu tölur reikninga og lumaði ennþá á nokkrum krónum í bankainnistæðubók. Guðjóni voru þökkuð, vel unnin störf, með dynjandi lófaklappi.

Því næst hófust stjórnar- og nefndakosningar.

Formaður Friðrik Ásmundsson sagðist vera búinn að útenda sitt skildutímabil og ekki gefa kost á sér og bað menn tilnefna menn í formannsætið.

Tilnefndir voru

Steingrímur Arnar, Helgi Bergvinsson og Guðjón Pétursson

Steingrímur Arnar fékk 16. atkvæði formaður

Helgi Bergvinsson fékk 3 atkvæði varaformaður

Guðjón Pálsson fékk 1. atkvæði

Ritarar voru endurkosnir

Gísli Eyjólfsson ritari

Eyjólfur Gíslason vararitari

Gjaldkerar endurkosnir

Guðmar Tómasson gjaldkeri

Sveinn Valdimarsson varagjaldkeri

Endurskoðendur voru endurkosnir

Stefán Stefánsson

Karl Guðmundsson Sóleyjargötu

Til vara Hilmar Rósmundsson.

Sjómannadagsráð

Úr því gengu 3 menn þeir Guðjón Pálsson, Ágúst Bergsson og Gísli Sigmarsson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

Sævald Pálsson (formaður)

Guðjón Pétursson, Hörður Jónsson, Jónatan Aðalsteinsson og Guðmundur Guðlaugsson.

Til vara: Ragnar Runólfsson, Hjörtur Hermannson og Einar Þórarinnsson.

Björgunaræfinganevnd var endurkosin.

Hana skipa: Kristinn Sigurðsson, Einar Sveinn Jóhannson, Kristinn Pálsson.

Gæslumaður fána var endurkosinn Óskar Ólafsson.

Fánaberar: endurkosnir:

Ágúst Bergsson og Grétar Þorgilsson.

Afmælisnefnd var endurkosin með sterku lófaklappi.

Hana skipa, Guðjón Pálsson (formaður) margendurkosinn.

Magnús Stefánsson, Hannes Haraldsson, Gísli Sigmarsson, Bjarnhéðinn Elíasson.

Varamenn: Gísli Jónsson og Ágúst Bergsson.

Veiðarfæranefnd var endurkosin.

Hana skipa: Elías Sveinsson, Ingólfur Matthíasson og Bjarnhéðinn Elíasson.

Gæslunefnd fiskveiðisamþykktarinnar voru þessir menn tilnefndir.

Óskar Ólafsson (formaður)

Magnús Sveinsson, Helgi Bergvinsson, Bjarnhéðinn Elíasson, Ágúst Bergsson, Bogi

Finnbogason, Sveinn Valdimarsson, Sigurbjörn Sigurfinnsson og Grétar Þorgilsson.

Styrkveitingarnefnd var endurkosin.

Hana skipa, Sigfús Guðmundsson, Kristinn Pálsson, Ólafur Sigurðsson.

Fulltrúaráð, endurkosið.

Ráðið skipa Bjarnhéðinn Elíasson, Jón Guðmundsson, Sigurgeir Ólafsson, Eyjólfur Gíslason,

Grétar Þorgilsson, Magnús Grímsson. Varamenn: Guðjón Ólafsson, Elías Sveinsson, Sigfús

Guðmundsson, Þorsteinn Gíslason, Sigurður Ögmundsson, Bjarni Sighvatsson.

Þar með lauk stjórnar- og nefndar kosningum.

Friðrik Ásmundsson þakkaði meðstjórnar- og félagsmönnum samstarfið á liðnum starfsárum.

Bauð svo varaformanni að taka sæti sitt þar sem formaður Steingrímur Arnar var ekki mættur á fundinum. Varaformaður Helgi Bergvinsson gekk því næst til formannssætis, þakkaði fráfarandi formanni og bauð orðið laust.

Hilmar Rósmundsson kvaddi sér hljóðs. Taldi að eitthvað þyrfti að gera til að spyrna við þeirri tilkynningu er útvarpsráð hefði flutt um fiskaðgerð á sjónum. Frá sér séð yrði hún vart framkvæmanleg.

Þá kom hann að undanþágubeiðnum. Sagðist myndi þurfa að fara þá leið því auglýst hefði hann eftir stýrimanni, enginn gefið sig fram og hvert ætti að snúa sér með undanþágubeiðni?

Júlíus Sigurðsson, taldi réttast að leita til Farmannasambandsins með það.

Kristinn Pálsson sagðist vera ósammála Hilmar, að þessi mikla aðgerð á sjónum myndi óframkvæmanleg.

Ólafur Sigurðsson tók í sama streng. Sagði að þessi tilkynning myndi eiga meira erindi við Faxaflóaútveginn, heldur en Eyjabáta. Því eftir því sem hann hefði séð í fyrri vetur og frétt hefði verið ólík meðferð og meðhöndlun á fiskinum hjá þeim, eða Eyjamönnum.

Friðrik Ásmundsson sagðist ekki skilja hvaðan fiskimatið hefði leyfi til að birta slíkar tilkynningar. Sigurgeir Ólafsson taldi að svona reglugerðir yrðu að fá staðfestingu á æðri stöðum.

Helgi Bergvinsson sagði að mikið hefði verið rætt um nótaveiðar og fiskvörslu á L.Í.Ú.-fundinum. Taldi gott að kjósa 3ja manna nefnd í þetta mál.

Júlíus Sigurðsson sagði það algjört lágmark, að ekki verði gert að fiski á netasvæðinu.

Umræður enduðu með því að kosin var 3ja manna nefndi í málið. Kosningu hlutu: Ólafur Sigurðsson, Sigurgeir Ólafsson og Friðrik Ásmundsson.

Tekið var til umræðu, sá ljósaumbúnaður og þau ljós er íslensk síldveiðiskip nota, er þau eru að síldveiðum að nóttu til, er þau kasta nótinni og draga hana inn. Svohljóðandi skrifleg tillaga kom fram og var samþykkt:

"Ég undirritaður fer fram á að stjórn félagsins fari þess á leit við skipaskoðunarstjóra að hann komi því til skipa viðkomandi þjóða er síldveiðar stunda undan ströndum Íslands, þann ljósaútbúnað er við notum þegar við köstum, eða höfum kastað verði fram kynntar.

Guðjón Pálsson."

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 23:40.

20 félagar sátu fundinn.

Steingrímur Arnar formaður

Eyjólfur Gíslason vararitari.

145. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
sunnudaginn 24. janúar 1965 og hófst hann kl. 16:10 í Akóges.

1. Formaður Steingrímur Arnar, setti fundinn.
2. Því næst las hann upp inntökubeiðni þriggja manna, er óskuðu eftir að gerast félagar, nöfn þeirra eru:

Jóhannes Kristinsson, Heiðarvegi 34.
Kristján S. Guðmundsson, Faxastíg 27.
og Valbjörn Guðjónsson, Vallartúni.
Vorur þeir samþykktir með öllum atkvæðum.

3. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt.
4. Formaður kvaddi sér hljóðs og las upp eftirfarandi

"Við undirritaðir berum fram og styðjum eftirfarandi tillögu.

Fundur haldinn í skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðanda hinn 24. janúar 1965 samþykkir að útnefna hr. Stefán Guðlaugsson, Gerði, sem heiðursfélaga vegna nær hálftrar aldar farsællar skipstjórnar og stuðnings við framfara málefni sjómannastéttarinnar fyrr og síðar. Útnefningum fari fram í tilefni af því að nú hefur Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum verið lögfestur á Alþingi og er tekin til starfa, sem sjálfstæð stofnun.

En Stefán hefur sem kunnugt er, verið einn helsti hvatamaður þess málefnis, og m.a. stofnaði hann sjóð á sínum tíma því til stuðnings"

Ólafur Sigurðsson (sign.)
Páll Ingibergsson (sign.)
Friðrik Ásmundsson (sign.)
Guðni Grímsson (sign.)
Jóhann Pálsson (sign.)
Óskar Matthíasson (sign.)
Óskar Ólafsson (sign.)
Einar Guðmundsson (sign.)
Karl Guðmundsson (sign.)
Sigurður Gunnarsson (sign.)

Tillagan samþykkt einróma og með miklu lófaklappi.

Formaður Steingrímur Arnar tók til máls. Sagði að sér væri það sérstök ánægja að hafa fengið að bera þessa tillögu fram og að það væri sinn fyrsti málflutningur sem formanns Verðanda og væri sér heiður að. Síðan fór hann nokkrum vel völdum orðum um skipstjórnarferil Stefáns og farsæld í störfum, hans löngu sjómannsæti.

Næst töluðu þeir, Hilmar Rósmundsson, Eyjólfur Gíslason og Ólafur Sigurðsson. Báru þeir allir lof á Stefán og töldu honum heiðurinn verðugan. Ólafur bauð Steingrím velkominn í formannssætið og óskaði honum heilla í starfinu.

Formaður las upp afrit af bréfi, er 6 manna nefnd, tveir frá hverju félagi, S/S Verðanda, Sjómannafélaginu Jötni og Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, sendu forstjóra fiskeftirlitinu til að mótmæla fyrirhugaðri fiskaaðgerð á sjónum á fiskinótabátum og töldu fram mörg rök fyrir því, að slík reglugerð væri óframkvæmanleg. Endaði nefndin bréfið með því að óska eftir forstjórunum hingað sem allra fyrst til umræðna um þetta mál.

Ólafur Sigurðsson skýrði frá að hann hefði frétt að Vestmannaeyjanótabátar myndu fá undanþágu með þorskaðgerð á sjónum.

Bernharð Ingimundarson gerði fyrirspurn hvort ekki myndi gilda sama um togbáta hér með aðgerðina á sjónum?

Hilmar Rósmundsson hélt að aldrei yrði slakað á með ýsuaðgerð. Ólafur Sigurðsson sagði að í fyrravetur hefðu nótabátar hér gert að ýsunni og reynt að vanda það verk eins og alla meðferð á fiskinum er hér var lagður á land. En því miður myndu ekki allar veiðistöðvar hafa þá sögu að segja.

Formaður lauk umræðum um þetta mál með því að þakka nefndinni vel unnið starf. Tók til umræðu skattinn til F.F.S.Í. Sagðist hafa átt tal við formann sambandsins nú fyrir stuttu um þau mál.

Steingrímur sagði að ef við borguðum ekki skattinn gætum við ekki vænst neinnar fyrirgreiðslu eða annars frá F.F.S.Í. og ekki sent frá okkur fulltrúa á sambandsþing. Lagði hann til að við borguðum skattinn.

Friðrik Ásmundsson fyrrverandi formaður, sagði að ekki hefðu verið komnar rukkanir frá F.F.S.Í. um skattinn til S/S Verðandi fyrir síðasta Aðalfund 29/121964.

Hilmar Rósmundsson kom með svohljóðandi munnlega tillögu:

"Að Verðandi borgaði skattinn að þessu sinni."

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Formaður sagði því næst nokkuð frá störfum húsnefndar og að hún hefði leigt húsið í vetur, til vertíðarloka fyrir kr. 10.000.

Þar sem fyrirsjáanlegt hefði verið að engar breytingar eða lagfæringar hefðu getað farið fram á húseigninni í vetur og allt það málefni, þyrfti að athugast vel og vandlega áður en til framkvæmda kæmi. Því ekki bæri þeim verkfræðingum sem leitað hefðu verið ráða og álits til, saman um hvernig haga skildi breytingunni og væri þar breitt bil á milli.

Í þessu máli töluðu Hilmar Rósmundsson, Friðrik Ásmundsson og Ólafur Sigurðsson.

Hilmar sagðist ekki efa þann góða hug sem ekkjan hefði sýnt félaginu með því að gefa því húseigna og því væri slæmt til þess að hugsa ef það gæti ekki orðið félaginu til nota. En ekki litist sér á að leggja í stóran kostnað við það til skemmtifundarhalda. Benti á að Guðjón Pálsson hefði ætlað að "starta" einu spilakvöldi, en aðeins 10 manns hefðu mætt.

Friðrik Ásmundsson taldi, að álit seinni verkfræðingsins og hans tillögur, hefðu gjörbreytt viðhorfinu frá fyrstu áætlun.

Ólafur taldi, að finnast myndi lausn á þessu máli með því að athuga það nógu vel og að hægt yrði að lagfæra og breyta til batnaður að ýmsu leyti, þó ekki hefði það gífurlegan kostnað í för með sér.

Ólafur vék því næst að öðru máli og talaði um, hver vansæmd það væri bænum að hafa hér enga sjómannastofu eða heimili og það væri sjáanlegt, að það yrðu sjómannafélögin hér, sem yrðu að hafa forustuna í þessu máli og ýta því áfram.

Friðrik Ásmundsson kom með svohljóðandi tillögu:

"Skora á stjórn S/S Verðanda, að skrifa bæjarstjórn og skora á hana. Að komið verði hér upp sjómannastofu hið allra fyrsta."

Formaður Steingrímur taldi þetta aðkallandi nauðsynjamál og lofaði að tala við bæjarstjórn um það.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:45.

Steingrímur Arnar formaður

Eyjólfur Gíslason vararitari.

146. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn 4. ágúst 1965 og hófst kl. 20:45 í Akóges.

1. Formaður Steingrímur Arnar setti fundinn og bar upp inntökubeiðnir fyrir Pál Bergsson og Guðjón Ármann Eyjólfsson Heimagötu 3a.
Samþykktir einróma.

Formaður kvað tilefni til þessa fundar mörg og sumt mál, sem frestað hefði verið frá degi til dags.

2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
samþykkt einróma.

3. Formaður tók fyrir mál, sem allmikið hefur verið á döfinni að undanfögnu, en það er vinnudeila sú, sem hér stendur yfir og hefur verið s.l. 4 vikur, þ.e. næturvinnubann þannig að óheimilt er að vinna lengur en til kl. 19.00 og hefur þetta rýrt afkastagetu stöðvanna.

Nefndirnar hafa aðeins ræðst við 1 1/2 klst.

Formaður sagði marga menn úr félaginu hafa orðfært, hvort Verðandi gæti ekki haft einhver áhrif á, að meira yrði unnið að lausn deilunnar, þetta væri viðkvæmt mál, en nú kvaðst formaður hafa heyrt, að stöðunum yrði lokað eftir þjóðhátíð. Formaður taldi að það hefði spurst að þetta mál yrði rætt hér á fundinum og teldu sumir að það hefði orðið til þess, að fulltrúi vinnuveitenda kom í gærkvöldi, en sáttasemjarar í morgun og þannig flýtt fyrir fundi þessara aðila. Þessi deila, alvarlegt mál, ekki síst fyrir meðlimi þessa félags.

Formaður las upp tillögu frá stjórninni:

"Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi 4. ágúst 1965, lítur svo á, að það ástand, sem hér hefur skapast vegna deilu vinnuveitenda og verkalýðsfélaganna, sé með öllu óviðunandi eins og það er og allt bendir til að það versni að mun úr þessu, ef ekki verður við gert.

Fundurinn vitar harðlega það áhugaleysi, sem virðist ríkja með deiluaðilum og öðrum þeim, sem um þetta alvarlega mál kynnu að eiga að fjalla, við að ná endum saman og afstýra þeirri hættu, sem framundan virðist vera.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi skorar því á deiluaðila að hefjast nú þegar handa við að finna lausn deilunnar og afstýra með því frekara tjóni en orðið er."

Tillagan samþykkt í einu hljóði.

4. Formaður sagði frá bréfi sem stjórnin skrifaði Íslensku sjómælingunum dagsett 7. júlí 1965, er hún fréttir að von væri á nýju korti af svæðinu Selvogur að Bjarnarey í Vestmannaeyjum í mælikvarðanum 1:100.000.

Í bréfi þessu segir m.a. "Fyrir hönd skipstjóra- og sjómanna í Vestmannaeyjum viljum við eindregið fara þess á leit, að í hið nýja kort verði merkt eins greinilega og unnt er, t.d. með sérstökum lit, samanber kort No. 9 af Álnum, ójafn botn, skipsflök, festur og hraun, sem hætta er á að festa í eða eyðileggja veiðarfæri."

..."Við viljum að auk merkingu allra hrauna og grunna á ofangreindu svæði, sé knýjandi þörf að fá greinilega merkt og auðkennd eftirtalin hraun og hryggi í hið nýja kort.

Hraunin sem upp eru talin, sum með staðsetningu og stuttum lýsingum eru:

1. Trintur
2. Kargi
3. Eyjólfsklöpp
4. Sannleiksstaðir
5. Þjórsárhraun

6. Selvogsbanki

Síðan segir í bréfinu:

"Sérstaka áherslu leggjum við á að fá festur og skipsflök á annars sléttum botni greinilega merkt inn í sjókortin."

...."Bláa litarmerkingu hættulegra grunna eins og er í korti No. 13, teljum við æskilega og til fyrirmyndar."

Þá las formaður svarbréf frá Pétri Sigurðssyni dagsett 16. júlí, þar sem hann þakkar bréf og ábendingar og segir..." Sjómælingum til undirbúnings þessu korti mun að líkindum verða lokið í sumar, og þætti okkur vænt um að mega leita til yðar um ýmsar upplýsingar í sambandi við þær."

Eyjólfur Gíslason þakkaði formanni framtakssemi og kvaðst manna síst vera á móti því að "Klöppin" sín kæmist lituð á kort, því það væri dýrðlegasta nótt, sem hann hefði lifað, er hann fann "Klöppina" og sagði mönnum frá þeim atburði.

Formaður bað menn segja til um hvort þeir væru samþykkir þessum gerðum stjórnarinnar. Samþykkt einróma.

5. Formaður las bréf frá "Samtökum allra félaga skipstjórnarmanna á Íslandi, "dagsettu í Reykjavík 18. febrúar 1965, ásamt tillögu og greinargerð. Í bréfi þessu er sett fram sú hugmynd að stofna sér samband skipstjórnarmanna innan F.F.S.Í.

Formaður kvaðst hafa hringt í Guðmund Jensson framkvæmdastjóra F.F.S.Í. í vetur og sagt honum að þetta bréf hefði borist og spurðist fyrir um hvort F.F.S.Í. vildi koma með greinargerð, sem hægt yrði að leggja fram á fund, ásamt áður nefndu bréfi.

Formaður minntist samþykkt Verðanda útaf stjórnarkosningu F.F.S.Í. og vissulega bæri að víta öll lögprot, en sér sýndist að þetta samband sem stofna ætti, væri til að passa meirihluta skipstjórnarmanna innan F.F.S.Í., en störf styrktarsambanda ættu ekki að vera punt, heldur þjónusta.

Formaður taldi þetta skrifað til að kljúfa F.F.S.Í. og kvaðst hafa dregið þetta í þeirri von að þetta myndi hjaðna.

Sagði þetta hafa verið fellt í Keflavík og mundi réttast að geyma þetta mál fram yfir næsta þing.

Eyjólfur Gíslason kvaðst hafa orðið þess var á F.F.S.Í.-þingi, að þar væri mikill flokkadráttur og kvaðst formanni sammála.

Gísli Jónsson sagði þetta alvarlegt mál, hinsvegar væri ekki ónýtt að skipstjórnarmenn kæmu saman 2 dögum fyrir þing og ræddu sín mál og undirbyggju.

Taldi F.F.S.Í. lítið hafa gert fyrir okkur s.l. ár og þurfti breytinga við bæði í þjónustu og öðrum vinnubrögðum í sambandinu. Það væri t.d. ekki vanslaust að í dagskrá þings, væru menn kynntir framsögumenn í stórmálum, en enginn vissi neitt fyrr en komið væri á þing.

Formaður taldi ekki úr vegi að koma saman og samræma sín mál, en til þess þyrfti okkar sérsamband. Sagði frá bréfi, er Guðmundur Jensson sýndi honum er hann kom til Reykjavíkur, þar sem var undirbúningur og dagskrá fyrir þing, en fyrrverandi formenn Verðanda könnuðust ekki við og töldu slík bréf aldrei hafa borist.

Formaður bar upp að fresta málinu.

Samþykkt einróma.

6. Formaður las bréf frá allmörgum sjómannafélögum varðandi sumarleyfi síldveiði sjómanna.

Formaður sagði ekkert hafa komið fram frá félögum þessa félags og alltaf væri hættulegt að kafa í samningum á miðjum gildistíma.

7. Formaður las bréf til meðlima F.F.S.Í. varðandi þorsknót, en gerðu svo samning 3 dögum síðar.

8. Formaður las bréf F.F.S.Í. varðandi hleðslu síldarbáta. Bréfið var að undirlagi Vísis í Keflavík, sem gerði samþykkt í þessu máli.

Ritari kvaðst alltaf hafa verið á móti reglum sem takmörkuðu hleðslu, sú ákvörðun ætti að vera í höndum skipstjóra hve mikið væri forsvaranlegt að hlaða hverju sinni og taldi það móðgun við skipstjóra að taka fram fyrir hendur þeirra með reglugerð.

9. Formaður sagði kvittun hafa borist fyrir skattinum til F.F.S.Í., sem var kr. 10.625,00. Sagði frá bréfi sem barst frá Skipstjórafélaginu Aldan í Reykjavík þar sem var endurheimt gjald, sem tekið hafði verið af Áspóri Guðnasyni frá Neskaupstað, en hann var skipstjóri með m/s Kára V647.

10. Formaður afhenti fundarmönnum 1 eintak af breytingum á kaupi og kjörum. Las samning sem F.F.S.Í gerði og Guðmundur Jensson skrifaði undir f.h. Verðanda að tilskyldu samþykki félagsfundar.

Engir samningar voru til um þorsknótina og var víða strögl um þetta, en hér kom það ekki til, því útvegsmenn gerðu upp eins og á síldaveiðum. Samningur þessi skipti stýrimenn engu máli en skipstjóra lækka um 0,22% eða úr 8% í 7.782%. Það er sjómönnum í hag að tryggingartímabilinu er skipt í þrennt í vertíðarsamningum Breyting á síldarsamningum og tryggingartímabilunum borið undir atkvæði.

Samþykkt í einu hljóði.

Formaður útbýtti eintökum af breytingunum.

11. Gísli Jónasson gerði fyrirspurn hvað hefði gerst með sjúkrasjóðinn.

Formaður svaraði og kvað Sigfús Guðmundsson hafa sagt sér að stjórn sjóðsins ætti í erfiðleikum með rukkunina og þyrfti að ráða rukkara. Féð rennur í styrktarsjóðinn og þyrfti kannski að breyta greinum í lögum hans í sambandi við það.

Gísli Jónasson þakkaði formanni svörin og ræddi síðan um Vestmannaeyjahöfn. Hann kvað það leiðinlegt að koma hér í jafn góða höfn, eina þá bestu á landinu, og sjá þann sóðaskap sem þar væri í höfninni væri grútur og drasl og þangað rynni klóak bæjarins. Hús við höfnina mörg ljót og illa máluð og varla væri hægt að komast austur á Skans fyrir grút og drullu.

Kolsýra safnaðist á bátana í höfninni og bátarnir þvegnir úr sjó úr höfninni. Formaður tók í sama streng, sóðaskap á götum og ólykt leggur yfir bæinn dagsdaglega og væri sennilega hvergi í heiminum liðið annarsstaðar en hér. Formaður kvað einmitt gott að þetta kæmi fram hér, það væri einmitt vettvangur félagsins að finna að því sem miður færi við höfnina.

Minntist á sjómannastofumálið og félagið yrði að reyna að ýta á það ef tími yrði til með haustinu.

12. Formaður kvað þetta orðið svo langt, að hann myndi fresta dómsmáli, sem hann hefði ætlað að minnst á.

Formaður spurði hvort menn hefðu nokkuð sérstakt fram að færa og er svo væri ekki sagði hann fundi slitið kl. 23:00.

9 menn sátu fundinn.

Steingrímur Arnar.

Gísli Eyjólfsson ritari.

147. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

fimmtudaginn 4. nóvember 1965 og hófst hann í Akóges kl. 20:45.

1. Formaður Steingrímur Arnar setti fundinn og bar upp inntökubeiðni fyrir Einar Ólafsson Suðurvegi 25.

Samþykktur einróma.

2. Vararitari las upp fundargerð síðasta fundar, sem var samþykkt einróma.

Því næst las formaður upp þingboðun frá F.F.S.Í., sem hljóðaði þannig:

"Góðir sambandsfélagar. Á stjórnarfundum í gær var samþykkt, að boðað skyldi til 22. þings F.F.S.Í. föstudaginn 26. nóvember n.k. Stund og staður verður ákveðinn með bréfi síðar.

Með sambandskveðju.

Formanna og fiskimannasambands Íslands."

Þá las formaður upp annað bréf frá F.F.S.Í. þar sem farið er fram á að S.S. Verðandi taki til athugunar uppkast að endurskoðuðum lögum F.F.S.Í.

"Við fyrstu möguleika og senda skrifstofu F.F.S.Í. breytingatillögur eða athugasemdir sínar við þau, helst fyrir miðjan nóvember."

Formaður lagði til að þessu máli yrði frestað til næsta fundar og það yrði að fela það, þar til kosinni nefnd. Því að koma með ábendingar á lagabreytingar F.F.S.Í. þyrfti að athugasemdir vandlega.

Samþykkt var að fresta þessu máli.

Formaður Steingrímur Arnar, bað menn því næst að tilnefna menn á Formanna- og fiskimannafingið.

Stungið var upp á Eyjólf Gíslasyni en hann neitaði því með rökum.

Þá voru tilnefndir sem aðalmenn, Grétar Skaftason, Júlíus Sigurðsson og Helgi Bergvinsson. Til vara: Bogi Finnbogason, Einar Ólafsson og Sigurbjörn Sigurfinnson. Hlutu þessir menn einróma kosningu.

3. Formaður tók því næst til umræðu málaferli þau, er Sigurður Ögmundsson skipstjóri frá Litlalandi hefði höfðað gegn eigendum m/s Vonar VE 113, fyrir ólöglega uppsögn þeirra er hann var skipstjóri með nefndan bát.

Mál þetta var rekið hér í Sjó- og verslunardómi Vestmannaeyja og nú fyrst eftir 4 ár, fallinn dómur í málinu, á þá leið, að Sigurði eru dæmdar kr. 196 sem á vantar að atvinnutekjur hans, þá þrjá mánuði, sem um er deilt og honum bar, að fá fulla kauptryggingu fyrir. Eins og í niðurstöðu dómsins segir, hefði hann ekkert unnið þessa 3 mánuði. Þessu vill Sigurður ekki una og langar til að fá Hæstaréttardóm í málinu og fer hann fram á að S.S. Verðandi styrki sig fjárhagslega að reka málið þar.

Um málið urðu ekki miklar umræður en menn töldu að þetta mál varðaði Verðanda mikið og því nauðsyn að fá í því Hæstaréttardóm, því oftast hefði það skeð, að mönnum hefði verið sagt upp á bátum, fyrirvaralaust. Með einróma samþykkt og mótatkvæðalaust var heitið að S.S. Verðandi, styrkti Sigurbjörn í þessu máli.

4. Því næst minntist formaður á húseign félagsins og bað menn að hugsa vel það mál, því það þyrfti að ræðast á fjölmönnum fundi og væri þá gott að menn kæmu með sínar ábendingar og athugasemdir.

Búið væri að ræða við verkfræðinga, um fyrirhugaðar breytingar á húsinu. En sitt sýndist hverjum. Það sem annar teldi framkvæmanlegt og hættulaust fyrir húsið, taldi hinn með öllu ófært og eyðileggjandi fyrir allt húsið en það er að rífa í burtu einn millivegg og sá verkfræðingur er var síðast við athugun á þessu máli taldi það með öllu óhugsandi að hreyfa þann vegg.

Formaður vék síðan máli sínu að árshátíð félagsins og sagði að Ísfeld hefði lofað húsinu 27. nóvember og þá yrði afmælið haldið.

Gaf hann því næst skemmtinefndinni orðið.

Guðjón Pálsson sem er búinn að vera 4 ár í skemmtinefnd félagsins, tók til máls.

Sagði hann að því miður gæti hann ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar að þessu sinni. Þar sem hann væri bundinn í starfi. En það vildi hann biðja og brýna nefndina sem að vanda vel til skemmtiatriða ef kostur væri. Því þó það yrði aðeins dýrara, myndu menn verða yfirleitt ánægðari með það. Þar um afmælið væri oftast eina skemmtun félagsins á ári.

Þau 4 ár sem Guðjón hefur verið í skemmtinefnd hefur hann unnið þar að krafti og dugnaði með mestu þrýði og hlotið þakkir sinna féлага fyrir vel unnin störf.

6. Formaður sagði í stuttu máli frá samtali er hann átti nú fyrir stuttu við einn félagsmann um fiskverðið og fiskimatið.

Hefði sá maður sagt að þó að fiskverðið hækkað eitthvað breytti það engu til ábóta, því fiskimatið sæi um það. En þetta mál þyrfti að ræðast hér á fundum og athugast vel og vandlega. Gaf hann svo orðið laust. Magnús Stefánsson tók til máls og sagði. Að sér virtist matið oft fara eftir fiskimagninu. Þegar lítið fiskaðist verði það oft sæmlegt og gott en afleitt og óviðunandi ef mikið fiskast. Fleiri umræður urðu ekki um málið. En lagt til að það yrði tekið fyrir á næsta fundi eða aðalfundi.

7. Formaður bað þá menn sem kosnir voru á F.F.S.Í. þingið að minnast þess. Að S.s., Verðandi, væri á móti sérsambandi skipstjóra.

8. Árni Hannesson gerði fyrirspurn um síldarverðið. Hvort útgerðarmönnum væri borgað hærra. Formaður svaraði og útskýrði þann 5 auru mismun á kg. og til hvers hann væri ætlaður.

Fleira ekki tekið fyrir og sagði formaður fundi slitið kl. 23:00.

17 félagar sátu fundinn.

Steingrímur Arnar.

Eyjólfur Gíslason vararitari.

Aðalfundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi

er haldinn sunnudaginn 13. mars 1966 og hófst kl. 16:00 í Akóges.

1. Formaður Steingrímur Arnar setti fundinn og sagði að þetta mundi það hafa dregist lengst að haldinn væri aðalfundur í félaginu, að því að hann best vissi, en ýmsar orsakir lægu til þess dráttar og helst sú að hann hefði viljað segja mönnum frá hæstaréttardómi sem nú væri nýfallinn og síðar yrði frá greint.

Þá minntist formaður á lagaákvæði, sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi, varðandi fundarsókn, þannig að fundur sé löglegur, sé löglega til hans boðað.

2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.

3. Formaður flutti yfirlit yfir störf félagsins á s.l. ári og gat helstu mála.
Síðastliðið ár væru haldnir 4 fundir og í félagið gengu 6 nýjir félagar. Formaður minntist Stefáns Guðlaugssonar frá Gerði en hann lést á s.l. ári. Stefán var gerður heiðursfélagi S.s. Verðanda 24/1 1965.

Formaður minntist lítillaga á húseign félagsins og þær breytingar, sem á hefðu orðið frá fyrirhuguðum áætlunum, en þetta yrði rætt síðar á fundinum.

Þá minntist formaður á bréf, sem vitamálastjóri var sent, dagsett 7. júlí 1965 út af nýju sjúkurti. Júlíus Sigurðsson ýtti svo á eftir þessu máli á F.F.S.Í þinginu. (Sjá fund 4. ágúst 1965, lið 4.)

Formaður minntist á F.F.S.Í. þingið og gat þess, að af 6 mönnum sem kosnir voru, gat aðeins 1, Júlíus Sigurðsson, setið þingið. Formaður kvaðst hafa átt í miklu stríði er þetta kom í ljós daginn áður en farið skyldi til Reykjavíkur og leitað hófanna hjá allmörgun þar til hann frétti, að Einar Guðmundsson frá Málmei væri nýkominn heim úr starfi sínu á Raufarhöfn (Síldarradíó). Einar varð góðfúslega við tilmælum formanns og fóru þeir til þings á tilsettum tíma. Auk þeirra félaga Einars og Júlíusar fékk formannur, Ársæl Sveinsson, sem staddur var í Reykjavík, til að sitja þingið.

Formaður greindi frá samningi sem skipshöfn m/s Jörundar III gerði við útgerðarmenn sinn varðandi saltfiskveiðar og komið yrði nánar að síðar á þessum fundi.

Þá vék formaður að því máli, sem væri höfuðárangur félagsins á s.l. ári, en það væri málaferli Sigurðar Ögmundssonar fyrir hæstarétti, en eins og fram kemur í síðustu fundargerð var einróma samþykki að styrkja Sigurð í þessum málaferlum. Formaður kvað þetta mál viðamikilið og væri hrein réttarbót og mætti sennilega líta á þennan dóm sem framtíðarreglu í þessum málum.

Formaður rifjaði upp gang þessa máls og las dóminn, að ósk fundarmanna.

Formaður upplýsti að F.F.S.Í. hefði ekki viljað taka að sér málið eða taka nokkurn þátt í kostnaði og hann verið spurður hvort hann væri vitlaus, þetta mál tapaðist og sambandið væri búið að tapa 3 eða 4 slíkum. Nú kvaðst formaður hafa frétt að eftir að dómur féll mundi F.F.S.Í. um að fara af stað með mál, sem það hefði verið uppgefið á og mun loftskeytamaður eiga þar hlut að máli.

Formaður spáði því að lokum að þessi dómur ætti eftir að verða áberandi plagg.

"Dómsorð" eru: "Stefndi, Von m/s, greiði áfrýjanda Sigurði Ögmundssyni" kr. 22.837,10 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 30. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 13.000,00.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Von II, VE 113, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómurinn ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum".

Sératkvæði Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

"Dómsorð" Stefnda, Von h.f., skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigurðar Ögmundssonar, á máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétt fellur niður."

4. Formaður bað gjaldkera, Guðmar Tómasson lesa reikninga félagsins. Niðurstöðutölur félagssjóðs eru:

Tekjur	135.118,31
Gjöld	120.735,58
Mismunur	14.382,73
Eign	102.129,54

Niðurstöðutölur styrktarsjóðs eru:

Tekjur	51.119,07
Gjöld	15.000,00
Eign	209.965,29

Áheit á árinu námu kr. 5.000,00 og var frá Sigfúsi Guðmundssyni skipstjóra.

Engar umræður urðu um reikningana og bar formaður þá undir samþykkt fundarmanna.

Reikningar samþykktir einróma.

Gjaldkeri lét þess getið að árgjald styrktarmeðlima væri svo lágt að varla svaraði kostnaði að innheimta það, og sumir styrktarmeðlimirnir óánægðir með hve lágt það væri.

5. Formaður bað Friðrik Ásmundsson skýra frá húseign félagsins og því helsta, sem hefði gerst, þar sem formaður húsnefndar væri ekki mættur. Friðrik sagði búið að leigja íbúðina og hefði leigutaki standsett íbúðina að mestu á eigin kostnað, sem rennur upp í leigu en hún er kr. 1.000,00 um mánuðinn. Leigutaki greiði ljós og hita fyrir alla íbúðina. Félagið hefur eitt herbergi til sinna nota og er verið að standsetja það. Félagið lagði til einangrun og lagfæringu á miðstöðvarlögn. Friðrik sagði að reikningar fyrir kostnaði leigutaka lægu ekki fyrir enn, en yrðu það alveg á næstunni. Formaður ræddi einnig þetta mál og kvað nefndinni hafa verið vandi á höndum og þó nefndin hefði óskorað vald, hefðu ýmsar samþykktir orðið henni erfiðar. Húsnefndin hefði ásamt stjórn og nokkrum félögum sem til voru kvaddir, reynt að samræma öll sjónarmið, sem fram hefðu komið og fær þóttu.

Júlíus Sigurðsson lýsti ánægju sinni yfir störfum og ráðslagi húsnefndar.

Eyjólfur Gíslason tók í sama streng og þakkaði húsnefnd vel unnin störf.

Gísli Jónasson minntist á þá ákvörðun að húsnefndin fengi ákveðið gjald af hverjum félagsmanni. Spurði hve miklu þetta hefði numið og til hve langs tíma leigan væri.

Friðrik Ásmundsson svaraði og sagði, að nefndin hefði fengið kr. 59.000,00 en það mundi ekki hrökkva til.

Samningur leigutaka skal endurnýjast, er hann hefur etið út sitt framlag, eða félagið greiða mismun segi hann upp áður.

Formaður bar gerðir hússtjórnar undir fundinn.

Samþykkt einróma.

6. Þá var rætt um síðustu árshátíð, og gat formaður þess að allur undirbúningur hefði lent á einum eða tveimur mönnum, þar sem flestir úr afmælisnefnd voru fjarverandi vegna starfa.

Formaður bað Hannes Haraldsson lesa skýrslu nefndar innan.

Hagnaður varð kr. 11.084,00, sem lagt var í bankabók.

Skýrslan var undirrituð af Hannesi Haraldssyni og Gísla Sigmarssyni.

Hannes tók fram, að Magnús Stefánsson, sem var einn í nefndinni, ætti mikinn og góðan þátt í hátíðinni, þó hann yrði, starfa sinna vegna að yfirgefa undirbúningsstarfið á síðustu stundu.

Formaður ræddi athugasemd endurskoðenda, að þeim hefði virst frekar eiga að greiða miða boðsgesta úr afmælisjóði í stað félagsjóði.

Júlíus Sigurðsson taldi það ekki skipta miklu, að þessu sinni og mætti í framtíðinni greiða úr þessum sjóði væri hann þess umkominn.

Hilmar Rósmundsson, annar endurskoðenda, sagði þá félaga ekki hafa meint þetta sem skyssu, heldur frekar verið tillaga eða ábending.

Þá var lítillega rætt um boð gesta á árshátíðina og hver háttur skyldi á hafður á formi miða eða sem ekki gætu komið, létu aðra hafa miða sína. Málið ræddu gamlir skemmtinefndarmenn.

Til máls tóku: Hilmar Rósmundsson, Hannes Haraldsson, Steingrímur Arnar, Daníel Traustason, Óskar Ólafsson og Júlíus Sigurðsson, sem taldi þetta viðkvæmt mál, sem best væri að láta vera eins og er.

Það kom fram í umræðunum að þetta hefur lítillega komið fyrir, fyrr og síðar "en fólk mjög þakklátt fyrir að eftir því er munað" (Daníel Traustason)

7. Formaður las bréf, sem Óskar Gíslason forstjóri hafði óskað umsagnar félagsins um. Bréf þetta er frá Stefáni Árnasyni fréttaritari Útvarpsins, varðandi öflun fréttu um afla báta. Þetta mál ræddu Hilmar Rósmundsson, Guðjón Pálsson og Júlíus Sigurðsson og voru allir eindregið á móti daglegum frétttaflutningi af aflabrögðum. Mundi nóg að þær birtust í "Ægi" hálfsmánaðarlega. Daglegan frétttaflutning af aflabrögðum í Útvarpi eða blöðum töldu ræðumenn einungis til að auka örtröð á miðum okkar, sem ekki væri ábætandi. (Bentu á, að úr sumum verstöðum birtust aldrei aflafréttir t.d. Hornafirði, Þorlákshöfn o.s. frv.)

Daníel Traustason var einnig á móti svona frétttaflutningi, en ræddi einnig hvort frétttaflutningurinn gerði okkur ekki hægara um vik að fá mannskap á báta og í stöðvar.

Formaður lagði til, að væntanleg stjórn skrifaði skrifstofu stöðvanna og færi fram á, að ekki yrði veittar neinar upplýsingar af vigtunum og að fréttaritara yrðu beðin að takmarka fréttir, sem verða mætti.

Samþykkt einróma.

8. Stjórnarkosning.

Formaður bað menn tilnefna menn í formannssætið og baðst jafnframt undan endurkosningu þar sem hann gæti ekki og hefði ekki tíma til að sinna starfinu eins og þyrfti og hann vildi.

Stungið var upp á Ármanni Eyjólfssyni, en Eyjólfur Gíslason bar þar skilaboð Ármanns, að hann gæti ekki tekið kosningu, hann vær nýr í félaginu og hefði aðeins setið einn fund og því alls ókunnugur höfum og störfum félagsins. Skoraði á Steingrím að úthenda tveggja ára tímabilið.

Steingrímur upplýsti að hann hefði legið í Ármanni að taka tilnefningu, en fengið algera neitun.

Formaður bað enn um uppástungur, en fundarmenn tilnefndu aðeins: Steingrím Arnar. Þar sem aðrar uppástungur fengust ekki, þó eftir væri leitað er Steingrímur sjálfkjörinn.

Til varaformanns voru tilnefndir: Helgi Bergvinsson, Júlíus Sigurðsson og Einar Guðmundsson. Atkvæðagreiðsla fór þannig: Helgi Bergvinsson fékk 10 atkvæði, Júlíus fékk 3 atkvæði, Einar Guðmundsson fékk 7 atkvæði.

Formannssætið skipa: Formaður Steingrímur Arnar. Varaformaður Helgi Bergvinsson.

Ritarar voru endurkosnir, með lófaklappi.

Ritari Gísli Eyjólfsson.

Vararitari Eyjólfur Gíslason.

Gjaldkerar endurkosnir með lófaklappi. Gjaldkeri Guðmar Tómasson. Varagjaldkeri, Sveinn Valdimarsson.

Endurskoðendur voru endurkosnir:

Stefán Stefánsson, Karl Guðmundsson (Sóleyjargötu)

Til vara Hilmar Rósmundsson.

Sjómannadagsráð: Úr ráðinu gengu Sævald Pálsson og Guðjón Pétursson, samkvæmt reglum.

Sjómannadagsráð skipa nú: Hörður Jónsson formaður, Jónatan Aðalsteinsson, Guðmundur Guðlaugsson, Ragnar Runólfsson, Hjörtur Hermannsson.

Í vararáð voru tilnefndir, auk Einars Þórarinssonar, sem situr áfram í vararáði:

Steingrímur Sigurðsson, fékk við atkvæðagr. 15 atkvæði.

Gísli Einarsson, fékk við atkvæðagr. 15. atkvæði.
Sigbór Sigurðsson, fékk við atkvæðagr. 6 atkvæði.
Grétar Skaftason, fékk við atkvæðagr. 2. atkvæði.

Til vara í Sjómannadagsráði eru því: Einar Þórarinsson, Steingrímur Sigurðsson, Gísli Einarsson.

Björgunaræfinganefnd endurkosin; Kristinn Sigurðsson, Einar Sveinn Jóhannesson, Kristinn Pálsson.

Gæslumaður Fána endurkosinn Óskar Ólafsson

Fánaberar: Ágúst Bergsson og Grétar Þorgilsson.

Skemmtinefnd:

Á henni urðu miklar breytingar og var reynt að velja í hana menn, sem líklegt þótti að yrðu heima við.

Hannes Haraldsson, sá eini sem eftir er úr fyrri nefnd baðst eindregið undan að vera formaður nefndarinnar.

Skemmtinefnd skipa nú: Helgi Bergvinsson (formaður), Hannes Haraldsson, Sigurður Elíasson, Einar Guðmundsson, Sigbór Sigurðsson. Til vara: Sigfús Guðmundsson og Angantýr Elíasson.

Veiðarfæranefnd endurkosin.

Hana skipa: Elías Sveinsson, Ingólfur Matthíasson, Bjarnhéðinn Elíasson.

Gæslunefnd endurkosin.

Óskar Ólafsson (formaður)

Magnús Grímsson, Helgi Bergvinsson, Bjarnhéðinn Elíasson, Ágúst Bergsson, Bogi Finnbogason, Sveinn Valdimarsson, Sigurbjörn Sigurfinnson, Grétar Þorgilsson.

Styrkveitingarnefnd endurkosin.

Sigfús Guðmundsson, Kristinn Pálsson, Ólafur Sigurðsson.

Fulltrúaráð, var endurkosið óbreytt.

Bjarnhéðinn Elíasson, Jón Guðmundsson, Sigurgeir Ólafsson, Eyjólfur Gíslason, Grétar Þorgilsson, Magnús Grímsson.

Til vara: Guðjón Ólafsson, Elías Sveinsson, Sigfús Guðmundsson, Þorsteinn Gíslason, Sigurður Ögmundsson, Bjarni Sighvatsson.

Húsnefnd. Úr nefndinni gekk Steingrímur Arnar, en sæti hans tók Friðrik Ásmundsson, en hann hefur starfað mikið með húsnefndinni s.l. ár.

Nefndin er óbreytt að öðru leyti. Hana skipa: Jón Guðmundsson formaður, Einar Guðmundsson gjaldkeri, Friðrik Ásmundsson, ritari.

Þar með lauk stjórnar- og nefndarkosningu.

Formaður þakkaði það traust sem honum væri sýnt með endurkjöri.

9. Formaður afhenti fundarmönnum, eins og til náði umburðarbréf frá F.F.S.Í. varðandi kauptryggingu.

10. Eyjólfur Gíslason þakkaði formanni vel unnin störf og skoraði á unga menn að standa vel og dyggan vörð um félagið þó eitthvað yrði á sig að leggja. Þakkaði Júlíusi Sigurðssyni störf hans í félaginu og sérstaklega störf hans á þingum F.F.S.Í.

Formaður þakkaði Eyjólfu og tók undir áskorun hans og sagði m.a. "það er ekki nóg að vera í félagi, það kostar einnig vinnu fyrir félagið og menn sem neita því, vega að sínu félagi sem stendur vörð um hagsmuni þeirra."

11. Formaður las bréf frá F.F.S.Í. varðandi samninga sem skipshöfn m/s Jörundur III gerði við útgerðarmann sinn varðandi saltfiskveiðar skipsins.

12. Formaður bað Júlíus Sigurðsson segja frá F.F.S.Í.-þinginu.

Júlíus sagði, að aðalmál þingsins og það veigamesta hefðu verið breytingar á lögum F.F.S.Í. Þá sagði Júlíus að sú breyting væri í vændum, að Sverrir Guðvarðarson stýrimaður væri ráðinn sem skrifstofustjóri sambandsins, en Guðmundur Jensson muni starfa við Víkinginn.

Skipstjórnarmenn komu saman tveimur dögum fyrir þing og ræddu sín mál.

Breytingartillögur, sem komu utan af landi fóru allar í gegn, utan ein.

Júlíus barðist á móti því, að hver starfsgrein tilnefni sinn fulltrúa, en þetta var samþykkt, sem þýðir að fulltrúar stétta sem hafa einn fulltrúa s.s. loftskammtmenn, eru sjálfkjörnir.

Eftir mikið þvarg var kosin nefnd, til að tilnefna menn í stjórnina, því Öldumenn höfðu ákveðið hverjir skyldu verða. Fjárreiður sambandsins eru lélegar og hefur ekkert fé.

Tryggvi Gunnarsson frá Akureyri ræddi í Sjóslýsanefnd öryggismála um sjóslys þau sem orðið hafa á seinni árum í síldveiðiflotanum. Var aðalinntak ræðu hans, að með breyttum veiðiháttum hefði eldri mönnum verið kippt í land, en yngri menn, ekki nógu reyndir, tekið við.

Rædd var sala varðskipsins María Júlía.

Þjónusta símans, þ.e. radiovarðslan, var rædd og kom fram að henni er víða ábótavant úti á landi. Júlíus taldi okkar reynslu góða, hér væri helst hægt að finna að tímabilinu milli dag og næturvaktar.

Rædd var hlustun útvarps á Austfjarðarmiðunum og stjórninni falið að fá úr bætt. Rætt var um stöðugleika skipa.

Samningar voru mikið ræddir og kom fram að eina félagið, (Ísfirðingar) sem ekki er aðili að F.F.S.Í.-samningunum hefur betri samninga, en sambandið, nema tryggingaatriðin.

Það kom fram á þinginu, að menn sem farist hafa í sjó, hafa ekki fengist bættir, og ber því að athuga þegar menn eru skráðir að tryggingar séu í lagi.

Fráfarandi forseti rakti mjög ítarlega öll vitamál og sagði Júlíus það ekki hafa verið gert betur áður, en forsetinn er sjálfkjörinn í Vitamálanefnd.

Þeir félagar Einar og Júlíus höfðu allgóða aðstöðu á þinginu, voru í öllum aðalnefndum þess.

Júlíus sagði að lokum, að ef menn vildu spyrja einhvers, skyldi hann reyna að svara því, en í ræðu sinni hefði hann reynt að stikla á því helsta í stuttu máli, um mikið og margvíslegt efni.

Formaður þakkaði Júlíusi förina og frásögnina.

Ræddi kennslu um stöðugleika skipa, sem rætt var á þinginu að taka upp sem kennslugrein í Sjómannaskólanum. Formaður kvaðst geta upplýst, að þetta væri þegar gert í skólanum hér.

Júlíus Sigurðsson upplýsti, að undanþágunefnd F.F.S.Í. hefði hætt störfum, en Aldan eitthvað gert að því síðan. Júlíus kvaðst hafa lofað fyrir félagsins hönd, að ef félagið veitti undanþágu, yrði það ekki gert nema að haft yrði samráð við skólastjóra skólans hér.

Þá minntist Júlíus á samþykkt Verðanda um undanþágu, og þau vandræði sem undanþágufarganið var félaginu á sínum tíma. Stjórn sambandsins var falið að endurskipuleggja nefndina.

Formaður þakkaði Júlíusi og þeim félögum vel unnin störf.

13. Formaður bar upp eftirfarandi tillögu: "Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi samþykkti fyrir sitt leyti, að hátíðahöld sjómanna dagsins verði færð fram til 15. maí, að þessu sinni."

Samþykkt einróma.

14. Formaður gaf orðið laust, en þar sem enginn kvaddi sér hljóðs, sagði formaður, fundi slitið kl. 19:30.

22 Félagar sátu fundinn, þegar flest var.

Steingrímur Arnar Formaður.
Gísli Eyjólfsson ritari.

Fundur í fulltrúaráði haldinn í hinu nýja félagsherbergi að Heiði, föstudaginn 6. maí 1966.

Mættir eru Steingrímur Arnar formaður, Guðmar Tómasson gjaldkeri, Gísli Eyjólfsson ritari, Jón Guðmundsson, Þorsteinn Gíslason, Magnús Grímsson.

Fleiri gátu ekki mætt vegna starfa sinna.

Rætt var, tillaga stjórnar, að veita verðlaun frá félaginu fyrir námsafrek við Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum. Formaður hafði meðferðis mjög vandað Certina armbandsúr, sem hugsanleg verðlaun. Samþykkt var að veita verðlaunin fyrir hæstu meðaleinkunn á burtfaraprófi og vinna að því, að framvegis verði á ári hverju veitt samskonar verðlaun.

Verðlaunin heita "Verðandaúrið".

Verðandaúrið skal formanni félagsins veita á sjómannadaginn.

Gera skal reglugerð fyrir "Verðandaúrið".

Sigurgeir Ólafsson og Eyjólfur Gíslason, sem ekki gátu mætt, en var sagt hvað til stæði, lýstu sig þessu samþykka.

Steingrímur Arnar. Gísli Eyjólfsson ritari.

149. Miðvikudaginn 4. maí 1966 var haldinn sameiginlegur fundur í S.s. Verðandi og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

Tílefni fundarins var frumvarp tillaga um breytingar á lögum um fiskveiðar í landhelgi sem Sigfús J. Johnsen hafði nýlega flutt í neðri deild.

Formaður Verðanda las fyrst upp frumvarpið og greinargerð er því fylgdi. Taldi hann að hér væri það stórt mál á ferðinni fyrir okkur Vestmannaeyinga að stjórnir félaganna hefðu talið rétt að halda þennan fund.

Kristinn Pálsson taldi sig samþykkan þessu frumvarpi en benti á að trúlega yrði ekkert gert á þessu þingi þar sem þingslit væru á næstu grösom.

Formaður skýrði frá því að sami þingmaður hafði borið fram fyrirspurn til Sjávarútvegsmálaráðherra um hvað liði störfum vélbátanefndar og krafist svars. Las hann síðan upp tillögu er gerð hafði verið um þetta mál.

Tillagan var svohljóðandi: "Sameiginlegur fundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi og Vélstjórafélags Vestmannaeyja, haldinn 4. maí 1966 skorar eindregið á háttvirt Alþingi að samþykkja frumvarp tillögu sem Sigfús J. Johnsen hefur nýlega flutt í neðri deild um breytingar á gildandi lögum um bann gegn botnvörpuveiðum.

Fundurinn telur fyllilega tímabært og reyndar bráðnauðsynlegt að gerðar verði nú þegar á þessu þingi, þær breytingar á lögum þessum sem frumvarpið gerir ráð fyrir og vísar að öðru leyti til greinargerðar, sem frumvarpinu fylgir. Ennfremur krefst fundurinn þess af hæstvirtum Sjávarútvegsmálaráðherra að hann svari undanbragðalaust fyrirspurn sama þingmanns í sameinuðu þingi á þingskjali 586 um störf vélbátanefndar."

Haraldur Hannesson taldi sjálfsgagt að samþykkja þessa tillögu. Hilmar Rósmundsson bar fram tillögu þess efnis að stjórnun þessara félaga yrði falið að skrifa þeim aðilum, sem áhrif gætu haft í þessu máli með ósk um stuðning og var hún samþykkt. Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum.

Steingrímur Arnar.

Hilmar Rósmundsson.

Fundur stjórnar og síldveiðimanna í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi var haldinn að Hótel H.B. föstudaginn 13. maí 1966.

Formaður félagsins, Steingrímur Arnar setti fundinn, sem er haldinn að ósk nokkurra félaga, til að ræða síldarverðið og bað formaður Guðjón Pálsson að hafa framsögu í málinu.

Guðjón Pálsson kvað kaupendur ekki vilja viðurkenna hið gamla mál 135 kg. og væri það verð sem nú væri komið miðað við 142 kg. á máli og væru menn fyrir sunnan tregir til að fara útá þetta verð. Mjöl væri að vísu heldur lægra á heimsmarkaðinum, en lýsið hefði hækkað og færi hækkandi. Þá væri mikil óánægja með, að síldarmóttökuskipin fá að mæla og taka kr. 30,00 í flutningskostnað af máli og væri talið að þetta gæti þýtt allt að kr. 70,00 með vanhöldum í mælingu, þar sem það mundi hafa borið við s.l. sumar að upp úr skipi, sem tekið hefði á móti 22.000 málum, hefði verið vigtað 26.700 - 26.800 mál, og hefðu menn nú við orð, að landa ekki í skipin nema þessu verði breytt. Víða á landinu er mikil óánægja með það verð, sem búið er að samþykkja í Verðlagsráði og mundu mótmæli styrkur fyrir okkar fulltrúa í ráðinu, fyrir næsta slag., (þ.e. sumarverðið.)

Formaður Steingrímur Arnar tók næstur til máls og kvaðst hafa það eftir Guðmundi Jenssyni að fundir í Hafnarfirði, Keflavík og víðar af Suðurnesjum hefðu menn ekki komið sér saman um mótmæli, þ.e.a.s. ekki orðið sammála hverju skyldi mótmæla. Erfitt væri að fá fréttir af sunnan og þeir menn sem væru í Verðlagsráði mættu ekkert segja, lögum samkvæmt, og því erfitt að átta sig á í fljótu bragði hvernig mál stæðu.

Formaður taldi sjálfsagt að mótmæla síldarverðinu, en fannst hyggilegra að bíða með að gera bindandi samþykkt, þar til við vissum betur hvernig mótmælin kæmu að bestu gagni. Taldi hyggilegast að fundurinn fæli, eða fyrirskipaði, stjórninni að mótmæla síldarverðinu, eða því sem fundurinn telur að mótmæla þurfi.

Gísli Jónasson sagði frá samtali, sem hann átti við Gísla Hermansson skipstjóra á "Vigra" GK, en hann sat fundinn sem haldinn var í Reykjavík um þetta mál, en þá urðu heitar umræður og miklar skammir.

Gísli taldi að við þyrftum fyrst og fremst að mótmæla því, að málið skuli nú vera 142 kg. í stað 135 kg., en um þetta var hvað mest rifist á Reykjavíkurfundinum. Taldi að betra hefði verið fyrir nefnd síldarseljanda að láta dæma á sig 150 kg. í máli, eins og kaupendur hefðu haldið fram að ætti að vera, heldur en að samþykkja 142 kg., og hefði rétt verið á málum haldið hefði nefndinni átt að vera í lófa lagið, að ná 11-12% hækkun.

Þá sagði Gísli frá því, að ekki væri búist við mótmælum frá Sjómannasambandinu og Öldunni, þar sem framámenn beggja þessara félaga, Jón Sigurðsson og Guðmundur Oddsson væru báðir í Verðlagsráði.

Friðrik Ásmundsson og Kristinn Pálsson tóku einnig til máls og voru sammála formanni um að bíða og samræma sjónarmiðin við fundi annarsstaðar af landinu, það yrði áhrifamest.

Þá var það upplýst á fundinum að félagi okkar Rafn Kristjánsson hefði setið fundinn í Reykjavík og væri nú á heimleið og vænta menn fréttu hjá honum hvað þar hafi farið fram.

Formaður lagði til að kosin yrði þriggja manna nefnd úr hópi fundarmanna, til að semja mótmæli með stjórninni. Tilnefndir voru: Kristinn Pálsson, Guðjón Pálsson, Grétar Skaftason. Til vara: Friðrik Ásmundsson.

Formaður sagði frá ákvörðun stjórnar og fulltrúaráðs að gefa "Verðandaúrið" og létu fundarmenn samþykki sitt í ljós með lófaklappi.

Eftir kaffi og góðum veitingum var rætt um nauðsyn þess að taka unga drengi, 15-16 ára, í skiprúm og hvatti formaður skipstjóra til að taka einn strák með yfir sumartímann, þegar því yrði við komið.

Margt fleira var skeggrætt til kl. 23:30.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1964 - 1968

Steingrímur Arnar formaður.

Gísli Eyjólfsson ritari.

151. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 22. janúar 1967 og hófst kl. 16:30 í Akóges.

Formaður Steingrímur Arnar setti fundinn og ræddi fundarsköp.

Las formaður úr fundargerð aðalfundar 1964, þar sem samþykkt var lagabreyting þess efnis, að fundur sé löglegur, sé löglega til hans boðað, þessu hefði verið beitt síðan. Aðalfundur sá, sem þetta var samþykkt á, hefði ekki verið löglegur samkvæmt gömlu lögnum, en þar sem lögum þessum hefði verið beitt síðan hefði stjórnin úrskurðað samkvæmt þessu að þessi fundur sé löglegur og það menn ræða það hvort halda skyldi aðalfund samkvæmt þessu, eins og boðað hefði verið til kl. 16:00.

Sigfús Guðmundsson taldi ekki hægt að halda aðalfund með svo fáum mönnum. (Þá voru 11 mættir.)

Júlíus Sigurðsson var á sama máli og taldi að þó samþykkt frá 1964 hefði verið beitt þá væri það ekki þar með gilt og væri bending til næstu stjórnar að breyta þessu.

Steingrímur Arnar ræddi um þann doða og deyfð sem væri í félaginu og hve erfitt það væri að starfa að málum félagsins vegna þessa. Las formaður úr fundargerðabókum þessu til áréttingar, og sagði frá erfiðleikum í sambandi við síðasta þing, en aðeins einn maður, Júlíus Sigurðsson af sex kosnum gat farið en Einar Guðmundsson hljóp undir bagga eins og fram kemur í síðustu aðalfundargerð.

Þá sagði formaður frá auglýsingaherferð í sambandi við sameiginlegan fund Verðanda og Vélstjórnarfélagsins, þar sem aðeins 3 eða 4 trolskipstjórar mættu á fund, sem fjallaði um frumvarp til laga um fiskveiðar í landhelgi.

Ritari las fundargerð fundar stjórnar og síldarsjómannanna í vor.

Formaður sagði að stuttu síðan mundi hafa farið fram fundur nokkura síldarskipstjóra á Hótel HB., og hefði þessi fundur skrifað bréf til Reykjavíkur, stuttu síðar var hringt í formann út af bréfi þessu, en formaður upplýsti, að bréf þetta væri Verðanda algerlega óviðkomandi.

Formaður minntist á að í fyrra fór félagið í mál fyrir einn félagann. Mál þetta var talið útilokað að vinna, en leikar fóru þó svo, að málið vannst fyrir báðum réttum og var mikil réttarbót. Félagið varð að greiða kr. 14.000,00 en félaginn hefur ekki sést á fundi síðan. Formaður sagði að lokum að deyfðin í félaginu væri ekki aðeins stjórninni að kenna, heldur félögnum ekki síður og engin stjórn gæti starfað af krafti í félagi, þar sem félagarnir hefðu ekki áhuga á sínum eigin málum.

Formaður bað menn greiða atkvæði um hvort halda skuli aðalfund eða ekki.

Júlíus Sigurðsson lýsti sig samþykkjan að fresta fundi og að á næsta fundarboð yrði sett að rædd yrði lagabreyting frá aðalfundi 1964. Júlíus taldi það illa farið ef skipstjórnarmenn væru að láta einhverja og einhverja boða sig á fundi og það væri ekki til að lífga við félagið, og allt sem þessir menn gerðu væri skrifað í félagsins reikning hvort sem betur eða verr tækist til.

Formaður kvað stjórnina ekki treysta sér til að hafa þetta aðalfund, gegn mótmælum fundarmanna og yrði þessu þá breytt í venjulegan fund og spurði hvort menn væru þessu samþykkir.

Samþykkt með öllu greiddu atkvæði gegn tveim.

2. Lesin fundargerð síðasta aðalfundar.

Samþykkt einróma.

3. Formaður skýrði frá nýju sjókorti, Selvogur að Bjarnarey, sem nýlega var sent hingað og formenn beðnir að setja inn á kortið hraun og flök. Í þetta þyrfti að kjósa 3 - 5 manna nefnd kunnugra manna.

4. Hilmar Rósmundsson minntist á gæslunefnd og Jón Stefánsson vaktmann, sem væri að hætta á stöðinni, þar sem allir aðrir starfsmenn símsstöðvarinnar hefðu fengið kauphækkun. Hilmar kvaðst hafa heyrt að 6 eða 7 væru búnir að sækja um starfið og ætluðu að hafa það sem aukastarf eða

jafnvel skipta því á milli sín. Hilmar taldi þetta illa farið og varaði við að þetta væri falið einhverjum sem ekki gerðu sér ljósa ábyrgð starfsins.

Eyjólfur Gíslason tók í sama streng og minntist líttillega þess háttar, sem Verðandi átti í að næturvarslan komst á og ráðningu Jónasar Sigurðssonar. Óskar Ólafsson kvaðst hafa heyrt, að Jón hefði fengið kauphækkun og yrði áfram.

Tillaga um gæslunefnd: Óskar Ólafsson (formaður), Bogi Finnbogason, Ágúst Bergsson, Hilmar Rósmundsson, Óskar Matthíasson, Elías Sveinsson, Emil Andersen, Sigfús Guðmundsson, Þórarinn Eiríksson

Samþykkt einróma.

5. Júlíus Sigurðsson minntist á flösku í gúmmíbáta og að hér væru engar varaflöskur til, sem gæti verið mjög bagalegt og nefndi dæmi þar um, að bátur sem ætlaði að róa hér í haust komst ekki á sjó, þau sem flaska í gúmmíbáti hans myndi ekki í lagi og varð hann að sitja í landi meðan flaskan var send suður. Hér væri aðallega um tvær gerðir að ræða og þyrfti að fá einhverja aðila til að eiga varaflöskur, t.d. Björgunarfélagið. Júlíus sagði að á fyrstu árunum hefðu margir átt varaflösku og þá verið 2 bátar um flösku, en nú mundi það aflagt.

6. Óskar Ólafsson minntist á fiskifræðinga og störf þeirra og fannst þeim að ýmsu leyti mislagðar hendur í sambandi við þorskstofninn. Steingrímur Arnar formaður sagði, að litlu hefði munað að Jakob Jakobsson kæmi hingað.

Júlíus Sigurðsson talaði um fiskimerki og taldi þau jafnvel liggja í hrúgum í bátum og verksmiðjum og nefndi dæmi þar um. Með þessu væri rýrður árangur af starfi þessara manna og áminnti menn um að skila merkjum og tók fram, að engin hætta væri fyrir trollbáta að gefa upp stund og stað, þó fiskur fengist innan landhelgi, því á slíkt litu fiskifræðingarnir sem trúnaðarmál.

7. Formaður sagði að keppt yrði að því, að halda aðalfund innan viku.
Tillaga kom ekki fram.

Fundi slitið kl. 18:15, 13 menn sátu fundinn.

Steingrímur Arnar

Gísli Eyjólfsson ritari.

Aðalfundur
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Verðandi

var haldinn sunnudaginn 29. janúar 1967 og hófst kl. 16:00 í Akóges.

1. Formaður Steingrímur Arnar setti fundinn og sagði komna þá tölu sem þyrfti á löglegan endurboðaðan aðalfund.

2. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.

3. Formaður minntist á starf félagsins á s.l. ári.

4. Gjaldkeri las reikninga félagsins fyrir s.l. ár.
Niðurstöðutölur félagssjóðs eru:

Tekjur	132.325,32
Gjöld	131.274,40
Mismunur	1.051,32
Eign	103.180,86 (12/1 1967)

Engar umræður urðu um reikninga félagssjóðs, og bar fram þá undir samþykki fundarmanna.
Samþykktir einróma.

Styrktarsjóður, niðurstöðutölur eru:

Tekjur	42.154,01
Gjöld	20.000,00
Eign	232.119,30 (12/1 1967)

Engin áheit bárust til sjóðsins.

Hilmar Rósmundsson taldi að eitthvað þyrfti að gera í sambandi við þá fastsetningu fjár, sem rennur í sjóðinn og nemur allt að 70% af tekjum.

Formaður taldi rétt að geyma umræður um þetta og hækkun ársgjalda, en gjaldkeri gat þess í sambandi við lestur ársgjalda, að margir þeir félagar sem ekki eru í starfi, væru óánægðir með 50 kr. gjaldið, þætti skömm að borga svo lítið í félagsgjald.

Formaður bar reikninga styrktarsjóðs undir samþykki, þar sem frekari umræður urðu ekki.
Samþykkt einróma.

Þá las Einar Guðmundsson gjaldkeri hússtjórnar, reikninga hennar.
Niðurstöðutölur eru: Tekjur, Gjöld.

Þá las Einar reikninga skemmtinefndar fyrir síðustu árshátíð.
11.000,00 kr. tap varð á afmælinu.

Húsnefndarmenn sýndu uppdrátt að nýjum inngangi fyrir íbúðina, þannig að hún yrði útaf fyrir sig.

Friðrik Ásmundsson rakti sögu standsetningar íbúðarinnar, sem var mikið verk. Taldi félagið hafa verið mjög heppið með leigjanda, sem hefði leigu þarna næstu 20. mánuði eða rúmlega það.

Formaður þakkaði húsnefnd vel unnin störf og kvað félagsherbergið og eignina í heild eiga eftir að koma félaginu í góðar þarfir.

Formaður bar reikninga húsnefndar og afmælis undir atkvæði.

Samþykktir einróma.

5. Stjórnarkosning.

Formaður bað menn tilnefna menn til formanns og baðst eindregið undan og tæki ekki við endurkjöri. Hann ætti enga betri ósk félaginu til handa, en hér yrði styrkari stjórn og þá einkum formaður.

Tilnefningar voru: Sigurður Gunnarsson, Ármann Eyjólfsson, Hilmar Rósmundsson.

Hilmar taldi vandráðið að kjósa hann og Sigurð Gunnarsson þar sem þeir teldust báðir útgerðarmenn.

Eyjólfur Gíslason taldi að Ármann tæki ekki við kosningu, væri nýr og ókunnugur í félaginu. Þá næði engri átt að ætla að fara að gera þetta að fjölskyldufyrirtæki.

Steingrímur Arnar taldi það ekki skipta máli hvort það væri útgerðarmaður eða ekki, aðalatriðið væri að menn hefðu áhuga fyrir starfinu og félaginu. Fleiri uppástungur fengust ekki.

Kosning fór þannig: Formaður var kosinn Sigurður Gunnarsson (13 atkvæði.), Varaformaður Hilmar Rósmundsson (9 atkvæði), Ármann Eyjólfsson fékk 4 atkvæði

Ritarar: Gísli Eyjólfsson baðst undan endurkjöri.

Tilnefndir voru: Gísli Eyjólfsson, Ármann Eyjólfsson, Eyjólfur Gíslason.

Kosnir voru: Ritari Gísli Eyjólfsson (18 atkvæði), Vararitari Eyjólfur Gíslason (7 atkvæði), Ármann Eyjólfsson fékk 1 atkvæði.

Gjaldkerar: Guðmar Tómasson baðst eindregið undan endurkosningu.

Tilnefndir voru: Sveinn Valdimarsson, Guðmar Tómasson, Einar Guðmundsson, Sigfús Guðmundsson, Hannes Haraldsson.

Kosnir voru: Gjaldkeri Einar Guðmundsson með 15. atkvæði, varagjaldkeri Hannes Haraldsson, með 7. atkvæði, Sigfús Guðmundsson fékk 2 atkvæði, Sveinn Valdimarsson fékk 2 atkvæði.

Endurskoðendur voru endurkosnir en varamaður var kosinn Guðmar Tómasson í stað Hilmars Rósmundssonar sem er varaformaður.

Endurskoðendur eru: Stefán Stefánsson, Karl Guðmundsson (Sóleyjargötu).

Til vara Guðmar Tómasson.

Sjómannadagsráð:

Úr ráðinu gengu samkvæmt reglum þeir: Hörður Jónsson, Jónatan Aðalsteinsson og Guðmundur Guðlaugsson.

Sjómannadagsráð skipa nú: Hjörtur Hermannsson (formaður), Ragnar Runólfsson, Steingrímur Sigurðsson, Gísli Einarsson, Óskar Matthíasson,

Til vara: Erling Pétursson, Stefán Friðriksson, Grétar Skaftason.

Björgunaræfinganevnd: endurkosin.

Hana skipa: Kristinn Sigurðsson, Einar Sveinn Jóhannsson, Kristinn Pálsson.

Gæslumaður fána: Þar sem fáninn er kominn í Verðandaherbergið á Heiði var enginn gæslumaður kosinn, en húsnefnd falin umsjá fánans.

Fánaberar endurkosnir. Ágúst Bergsson, Grétar Þorgilsson.

Skemmtinefnd endurkosin.

Helgi Bergvinsson (formaður), Hannes Haraldsson, Sigurður Elíasson, Einar Guðmundsson, Sigþór Sigurðsson.

Til vara: Sigfús Guðmundsson, Angantýr Elíasson.

Í sambandi við kosningu skemmtinefndar lagði Hannes Haraldsson til, að eftirleiðis giltu sömu reglur og um sjómannadagsráð. Það ekki rætt frekar.

Veiðarfæranefnd endurkosin.

Elías Sveinsson, Ingólfur Matthíasson, Bjarnhéðinn Elíasson.

Gæslunefnd var kosin á síðasta fundi.

Styrkveitinganefnd var endurkosin. Sigfús Guðmundsson, Kristinn Pálsson, Ólafur Sigurðsson.

Fulltrúaráð: endurkosið óbreytt.

Bjarnhéðinn Elíasson, Jón Guðmundsson, Sigurgeir Ólafsson, Eyjólfur Gíslason, Grétar Þorgilsson, Magnús Grímsson.

Til vara: Guðjón Ólafsson, Elías Sveinsson, Sigfús Guðmundsson, Þorsteinn Gíslason, Sigurður Ögmundsson, Bjarni Sighvatsson.

Húsnefnd: endurkosin. Jón Guðmundsson (formaður), Einar Guðmundsson (gjaldkeri), Friðrik Ásmundsson (ritari).

Þar með lauk stjórnar- og nefndarkosningu.

Fráfarandi formaður Steingrímur Arnar þakkaði þeim sem með honum hafa starfað og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Hinir nýkjörnu stjórnarmeðlimir tóku nú sæti sín og Sigurður Gunnarsson formaður þakkaði fráfarandi formanni og gjaldkera vel unnin störf í þágu félagsins.

6. Steingrímur Arnar ræddi um sjókort það sem um getur í síðustu fundargerð.

Taldi Steingrímur þurfa að kjósa nefna kunnugra manna í þetta og hafa í henni að auki Ármann Eyjólfsson, sem kynni til þessara hluta. Júlíus Sigurðsson taldi þetta verk vitamálastjórnar og væri þetta nánast afsökun þeirra, að senda kortið hingað og taldi þetta næsta óframkvæmanlegt eftir miðum. Taldi að félagið ætti að hafa samband við vitamálastjórn og láta þá vita að hér væri maður til reiðu, að vísa þeim á staðina, sem þeir síðan mældu upp.

Steingrímur Arnar vildi selja undir þá afsökun að þeir hefðu engar undirtektir fengið hér, með því að merkja þetta sirka inn í kortið og skrifa greinargerð með því.

Eyjólfur Gíslason var þessu sammála og taldi að ef að tilnefna ætti menn til þess arna, þá álitu hann engan færari og kunnugri botnlagi í kringum Eyjar, en Þorgeir Jóelsson, að öllum öðrum ólöstuðum.

Friðrik Ásmundsson var þessu einnig sammála og kvað ensk fiskikort einmitt hafa verið gerð í samráði við enska skipstjóra.

Tilnefndir í nefnd voru: Ármann Eyjólfsson, Þorgeir Jóelsson, Guðjón Kristinsson, Benóný Friðriksson, Sigurður Sigurjónsson.

Samþykkt einróma.

Steingrímur Arnar kvað það mundi verða verkefni nefndar þessarar að útbúa málið af félagsins hálfu í hendur vitamálastjórnarinnar.

7. Steingrímur minntist á "Verðandaúrið", sem veitt var á 2. starfsári Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum og yrði veitt eftirleiðis samkvæmt fundar samþykkt stjórnar og fulltrúaráðs 6. maí 1966. Steingrímur sagðist nú vilja bera undir fundinn þá tillögu:

"Að dúxinn frá fyrsta ári fái einnig á næsta sjómannadegi verðlaun, þó seint sé."

Samþykkt einróma.

8. Guðmar Tómasson kom með þá tillögu:

"Að gjald aukameðlima sé hækkað í kr. 200,00".

Júlíus Sigurðsson lýsti sig þessu samþykkan og kvað skömm að kr. 50 í gjald nú til dags.

Breytingartillaga kom fram kr, 500,00. Stjórnin kom með málamiðlunartillögu "Að gjald aukameðlima sé kr. 250,00"

Samþykkt einróma.

9. Eftirfarandi skrifleg tillaga kom fram: "Geri það að tillögu minni að stjórninni verði falið að mótmæla framkomnu fiskverði og ennfremur því hve seint fiskverðið var afgreitt".

Samþykkt einróma.

10. Guðjón Pálsson taldi að félagið ætti að ýta á eftir framkominni tillögu, sem innan tíðar færi fyrir Alþingi, og væri þess efnis að læknir eða læknakandidat væri hafður á eftirlitsskipi síldarflotans fyrir Austfjörð. Þá væri einnig brýn þörf á tækjaviðgerðarmanni um borð í skipið, því oft yrðu bátar að keyra fleiri hundruð mílur til lands með biluð tæki, t.d. hefði hann keyrt 470 sml s.l. sumar. Guðjón taldi nauðsynlegt að félagið ýtti á eftir þessu máli.

Steingrímur Arnar og Júlíus Sigurðsson voru þessu samþykkir og ræddu hvernig best yrði unnið að þessu máli og töldu árangursríkast að skora á Alþingi og senda afrit af bréfinu til annara félaga F.F.S.Í.

11. Steingrímur Arnar ræddi lagabreytingar sem boðaðar voru í fundarboði og samþykkt var 1964 og getið er í síðustu fundargerð (lið 1).

Á fundinum 1964 bar formaður upp tillögu, sem var samþykkt einróma. "Ennfremur skorar fundurinn á stjórnina, að breyta lögum félagsins í sambandi við fundarsókn, þannig að sé fundur löglega boðaður, sé hann löglegur". (bls. 29)

Samkvæmt tillögu þessari bar Steingrímur upp munnlega tillögu:

"Fundur er löglegur sé löglega til hans boðað".

Samþykkt einróma.

Steingrímur taldi samþykkt þessa mjög til bóta því oft væri aðkallandi að fundur leysi mál og þá ráði þeir sem mæta.

Júlíus Sigurðsson kvað aðkallandi að prenta lög félagsins og hefði það reyndar einhvertíma verið samþykkt en lognast útaf. Ræddi um auglýsingar funda og hvort ekki væri vænlegra að boða skriflega t.d. aðalfundi.

Tillaga kom frá stjórninni að kosin yrði nefnd til að athuga og fara í gegn um lögin.

Tilnefndir voru: Júlíus Sigurðsson, Steingrímur Arnar, Friðrik Ásmundsson.

Samþykkt einróma.

12. Þau tilmæli komu frá húsnefnd að fundarmenn kæmu eftir fund upp að Heiði og skoðuðu húseignina.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:45.

Sigurður Gunnarsson

Gísli Eyjólfsson ritari.

Fundur í fulltrúaráði, haldinn að Heiði 6. júní 1967.

Mættir eru: Sigurður Gunnarsson formaður, Einar Guðmundsson gjaldkeri, Gísli Eyjólfsson ritari, Eyjólfur Gíslason, Jón Guðmundsson, Bjarni Sighvatsson, Magnús Grímsson.

Rædd var beiðni Magnúsar Jónssonar um meðmæli félagsins, eða álit, um fyrirhugaða niðurstöðuverksmiðju á lifur og jafnvel ?? sem hann hyggst setja á stofn hér.

Þar sem Magnúsi hefur gengið illa að fá fyrirgreiðslu frá lánastofnunum, hyggst hann fá álit sjómannafélaganna í bænum um verksmiðju þessa, ef það gæti frekar liðkað fyrir honum í bönkunum.

Rúmur og góður markaður er sagður fyrir þessa vöru.

Samþykkt var einróma að fela formanni að skrifa undir meðmæli, því að okkar álit er þetta kjarabót fyrir sjómenn og eykur fjölbreytni í iðnaði og eykur vermæti útflutningsafurða okkar.

Sigurður Gunnarsson

Gísli Eyjólfsson ritari.

**Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
föstudaginn 17. nóvember 1967 og hófst hann að hótél HB kl. 5:30.**

1. Formaður Sigurður Gunnarsson bar upp inntökubeiðni 12 nýrra félaga sem allir eru starfandi stýrimenn og skipstjórar og eru nöfn þeirra hér skráð.

Björn Baldvinsson Bakkastíg 7
Bárður Árni Steingrímsson Garðshorni
Guðni Ólafsson Helgafellsbraut 17
Guðmundur K. Jónsson Birkihlíð 7
Hilmar Árnason Hólagötu 7
Matthías Óskarsson Illugagötu 2
Sigurjón Óskarsson Illugagötu 2
Sigurður Kristinsson Njarðarstíg 18
Sigurður Erling Pétursson Hásteinsvegi 32
Stefán Sigurðsson Vestmannabraut 13 b
Valdimar Sævar Halldórsson Hásteinsvegi 15 a
Örn Friðgeirsson Dölum
Voru þeir samþykktir einróma og fagnað með lófklappi.

2. Lesin fundargerð síðasta fundar ásamt fundargerð fulltrúaráðs og voru báðar fundargerðirnar samþykktar einróma.

Ritari var á sjónum við síldveiðar og annaðist vararitari hans störf.

3. Formaður tók því næst til máls og sagði að aðalverkefni þessa fundar væri að velja og kjósa menn á Formanna- og fiskimannáþingið og sagði frá bréfi er hann hefði fengið í því sambandi.

Bað hann fundarmenn að tilnefna menn á F.F.S.Í.-þingið.

Sagði hann að enginn Verðandafélagi hefði setið fleiri F.F.S.Í.-þing en Júlíus Sigurðsson, vonaði að hann gæfi enn kost á sér til þingsetu.

Júlíus Sigurðsson tók næstur til máls.

Taldi hann mikil vandkvæði á, stöðu sinnar vegna á "Vigtinni", að hann gæti setið þetta þing.

Sagði hann að á síðasta þingi F.F.S.Í. hefðu verið 3 fulltrúar frá S.s. Verðanda og væri það sú rétta tala sem félaginu bæri að senda þangað samkvæmt þeirri meðlimatölu sem borgað væri af frá S.s. Verðanda, til F.F.S.Í.-sambandsins en ekki hefði það verið fyrir en á síðasta þingi.

Júlíus sagði að þeir sem færu á þingið þyrftu helst að hafa einhver áhugamál frá S.s. Verðandi að flytja og knýja fram.

Minntist hann á í því sambandi radarbaujunar, staðsettar á fiskimiðunum og víðar og hvort ekki væri tímabært að nefna ljósvita á Selvog og hvernig gengi með Elliðaeyjarvitann?

Oft hefði verið sendar héðan til F.F.S.Í.-þingsins merkar ábendingar og tillögur sem hefðu vakið þar athygli og miklar umræður: svo sem að friða hrygningu á vissum hraunum, mæla upp og kortleggja fiskimið og grunnbrot kringum Vestmannaeyjar og fleira og fleira

Ekki sagðist hann vita hvaða mál yrðu þar aðallega til umræðu að þessu sinni en líklegt þætti sér að þar yrði tekið til umræðu tilkynningarskylda, sem nú væri nýlega tekin upp innan síldveiðiflotans og við landstöðvar. En þetta væri ekki nýtt mál, hér í Eyjum hefði verið komið á tilkynningarskyldu milli báta og við radióstöðina fyrir fleiri árum síðan og hefði það verið fyrst rætt og samþykkt í S.s. Verðandi.

Eyjólfur Gíslason skaut hér inn í og sagðist eiga þessa reglugerð prentaða því henni var útbýtt til allra formanna og var þeim uppálagt að gæta vel skyldu sinnar, að láta og hlusta á sínum rétta tíma.

Júlíus sagðist einni hugsa sér að á þinginu yrði tekið til umræðu, auka fangalína á gúmmíbáta. Þá væri gaman að kynna sér þau mótmæli sem skrifuð voru þegar Vestmannaeyingar tóku uppá því fyrir mörgum árum, að auka fangalínur til öryggis í alla sína gúmmíbjörgunarbáta.

Hilmar Rósmundsson tók næstur til máls.

Taldi hann óhugsandi, annað en þeir Júlíus og Einar Guðmundsson færu á þingið og tóku fleiri fundarmenn undir það og tjáðu álit sitt og traust á þeim félögum. Hilmar sagði að ef svo færi að þeir gætu ekki orðið við óskum og áskorunum félagsins legði hann til að þeir sem færu á þingið fái upplýsingar og ábendingar hjá þeim. Að þessum umræðum loknum fór fram kosning þeirra manna, er tilnefndir væru til að verða fulltrúar S.s. Verðanda á F.F.S.Í.-þinginu.

Þessir hlutu kosningu með öllum greiddur atkvæðum: Júlíus Sigurðsson, Einar Guðmundsson, Bjarnhéðinn Elíasson. Varamenn: Friðrik Ásmundsson, Óskar Matthíasson, Haraldur Hannesson.

Þegar kosningu lauk, var sest að kaffidrykkju og rabbað.

4. Guðjón Pétursson kvaddi sér hljóðs, lýsti hann ánægju sinni yfir þessum fundi og sagði frá, að fyrir stuttu síðan hefði hann séð mjög glögg og gott fiskikort yfir fiskimiðin og grunnin, hér í kringum Eyjar og hefði Þorgeirs Jólssonar verið getið þar sem aðal heimildarmanns og eftir honum væru flestar upplýsingar í þessu sjókorti. Þá minntist hann á tilkynningarskylduna sem nú væri komin á hjá síldveiðiflotanum.

5. Formaður Sigurður Gunnarsson tók næstur til máls og sagði að undanfarin 3 ár hefði það farist fyrir að innheimta gjald af útgerðarmönnum sem Verðandi ætti, samkvæmt síðustu kjarasamningum, væri það 0,7% af hvers starfandi tryggingu félagsins og ætti fé þetta að renna í styrktar- eða sjúkrasjóði viðkomandi félaga. Þá sagðist hann oft hafa hugsað um að þörf væri á að stofnaður yrði lífeyrissjóður innan þessa félags en ekki hefði hann kynnt sér þau mál sem skyldi.

Hjörtur Hermannsson gerði fyrirspurn: "Hvort ekki væri grundvöllur fyrir, að stofnaður yrði sameiginlegur lífeyrissjóður fyrir alla sjómenn í Vestmannaeyjum? Formaður svaraði, að eflaust væri það hægt.

6. Friðrik Ásmundsson tók til máls og talaði um tillögu þá sem Guðlaugur Gíslason væri flutningsmaður að á Alþingi, verndum fiskistofnsins og friðum hrygningarsvæða. Einnig minntist hann á Norska fiskaklakið og Jóns fiskifræðings í sambandi við það.

Um þetta mál urðu umræður.

Júlíus Sigurðsson sagði að 6 ár væri síðan að friðun hrygningarsvæða á vissum hraunum hér við Eyjar hefði verið lagt fyrir F.F.S.Í.-þingið og rædd þar mikið á fundum og nefndum. Flutningsmenn þeirrar tillögu voru fulltrúar S.s. Verðanda. Þá sagði Júlíus að mörg ár væri síðan að minnst hefði verið á fiskiklak í þessu félagi og margar umræður og einhverjir hefðu gerst smátílaunir með það í línustöngum á sjónum. Ekki fannst honum úr vegi að fá fiskifræðinga á F.F.S.Í.-þingið og ræða við þá um klakið.

Hilmar Rósmundsson talaði um klak og friðum fiskastofnsins. En sér virtist fiskifræðingarnir hafa úrskurðarvaldið þar. Hann sagðist vera fylgjandi friðun, þó sérstaklega, þar sem smáfiskur héldi sig og telja mætti uppeldisstövar.

Júlíus tók aftur til máls og taldi að það yrði erfitt að halda fram friðum á grunnsævi langt innan við landhelgislínu sem að öllum ætti að sýnast sjálfriðað, þó reyndin hefði orðið önnur.

Þá vék hann nokkrum orðum að möskvastærð í botnvörpum hvort ekki myndi skaðalaust að stækka þá nokkuð enn, svo smáfiskur ætti þar greiðari útgang.

Júlíus sagðist hafa óljósar fréttir af því að Böðvar Steindórsson myndi flytja tillögu á F.F.S.Í.-þinginu um aukin réttindi, matsveina og lofskeytamanna þar. Taldi Júlíus heppilegast sama fyrirkomulag og verið hefði og að fámenn stéttarfélög næðu þar ekki yfirráðum.

Eyjólfur Gíslason bar fram svohljóðandi tillögu munnlega:

"Þeir fulltrúar er fara síðan á F.F.S.Í.-þingið,veki þar máls á fiskaklaki."

Tillagan var samþykkt.

Eyjólfur bætti við og sagði að gott væri, að það sæist í fundargerðarbók Verðandi að það hefði hreyft þessu máli á þinginu. Þó það yrði ekki tekið þar til alvarlegra umræðu, fyrr en eftir nokkur ár, eins og farið hefði um hrygningarfriðunarfrumvarpið héðan úr Eyjum.

7. Formaður Sigurður Gunnarsson las upp bréf sem S.s. Verðanda hafði verið skrifað frá togbátaskipstjórum í Keflavík og Reykjavík.

Efni bréfsins var að fá opnaða Landhelgina handa togbátum fyrir öllu Suðurlandinu.

Fóru þeir þess á leit, að togbátaskipstjórum í Vestmannaeyjum fylgdu þeim í þeirri kröfu.

Um þetta mál urðu margar umræður og allar á einn veg. Að ekki kæmi til mála að opna Landhelgina, hér Sunnanlands nema það yrði svæðisbundið allt í kring um landið. Hitt yrði bara til að fá alla togveiðibáta landsins á Eyjatogbátamiðin. Það yrði að standa vel á verði, svo að það verði ekki leyft.

Að umræðum loknum lögðu þeir Sigurður Gunnarsson og Júlíus Sigurðsson fram svohljóðandi tillögu. Að undangenginni reynslu mótmælum við opnun landhelginnar við Suðurland, nema að fram fari svæðisbundin opnun í kringum allt landið. Fundurinn felur stjórn og fulltrúarráði að koma þessum mótmælum á framfæri þegar þetta mál verður tekið fyrir á Alþingi.

Tillagan samþykkt einróma.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 19:35. 23 félagar sátu fundinn.

Eyjólfur Gíslason vararitari

Sigurður Gunnarson.

**154. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi
föstudaginn 22. desember 1967 og hófst kl. 17.00 í matstofunni
Drífanda.**

1. Formaður setti fundinn og það Júlíus Sigurðsson segja fréttir frá F.F.S.Í.-þinginu. Júlíus sagði þetta hafa verið rólegt þing. Þingfulltrúar okkar hefðu kvartað yfir að þingmál hefðu ekki borist félaginu, en fengið þau svör, að þau hefðu verið póstlögð. Á þinginu kom fram að mönnum þótti of langt gengið í fjárfestingu í sambandi við sjávarafla t.d. síldarverksmiðjum og var það vítt af sjávarútvegsnefnd þingsins.
Sjávarútvegsráðgjafi var gefið í skyn, að síldveiðiskip mundu ekki fara á haf næsta sumar, nema aukin þjónusta kæmi til. Var ráðgjafi benti á, að breyta varðskipi sem nú er í smíðum þannig að læknabjónusta, tækjabjónusta, o.fl. yrði fyrir hendi.
Júlíus sagði, að aukið ljósmagn á Geirfuglaskers- og Faxaskersvitum væri í athugun ásamt vita á Elliðaey. Vilyrði væri fyrir auknu ljósmagni Geirfuglaskersvitans, um helming og það ekki talið mikið verk.
Í sambandi við kortagerð var það eindregin ósk þingsins, að haldið yrði áfram á þeirri braut, sem farin var í kortagerð fyrir SV-landi, þar sem allar staðsetningar eru mjög nákvæmar.
Mikið var rætt um ljósbaugur við Vitamálastjóra sem upplýsti að nýjar baugur væru komnar á markaðinn. Væru þær úr plasti, allt að 5 metra háar og kæmu vel inn á radar, en ekki gerðar fyrir mjög mikið dýpi. Kostnaður bauja er mikill, baujan kostar kr. 40 þúsund og viðhald hversrar kr. 60 þúsund. Vilyrði fékkst fyrir því að baujurnar yrðu settar á sömu staði og áður t.d. Selvogsbanka, við Garðskaga o.fl. Tillaga kom fram um að láta öll öryggismál heyra undir eina nefnd.
Fjárráð F.F.S.Í. eru góð, fær nú sambandið úr útflutningsjóði 1/3 á móti A.S.Í. og Sjómannasambandinu og er F.F.S.Í. þegar búið er að fá kr. 500.000.
Verðandi veðurþjónustu, sagði Júlíus að starfsmaður Veðurstofunnar hefði talið best að snúa sér beint til Veðurstofunnar með þau mál.
2. Formaður þakkaði Júlíusi fréttirnar og þeim þingfulltrúum Júlíusi, Bjarnhéðni og Friðriki Ásmundssyni förina.
3. Formaður sagði ekki hægt að lesa síðustu fundargerð þar sem fundargerðarbók væri hjá vararitari, sem hefði verið í vinnu og hefði sennilega ekki getað mætt.
Formaður ræddi lélega fundarsókn og hver hamla hún væri á öll félagsstörf.
4. Formaður ræddi um lífeyrissjóð fyrir bátasjómenn og kvað það nánast feimnismál að hann skuli ekki kominn í kring fyrir löngu. Formaður sagði að lífeyrissjóður togarasjómannanna, hefði verið stofnaður fyrir örfáum árum en væri þegar orðinn 49 milljónir króna.
Formaður kvaðst hafa ætlað að ræða þetta mál nánar á þessum fundi ásamt stofnum sjóðs og rukka inn 0,75% en sökum fámennis þessa fundar mundi hann fresta þessu en reynt yrði að koma málinu á rekspöl fyrir aðalfund.
5. Formaður ræddi um nauðsyn þess, að veðurlýsing sé lesin kl. 24:00 frá Fagurhólsmýri og óánægju með Loftsal og Eyrarbakka.
Bjarnhéðinn Elíasson tók næstur til máls talaði fyrst um lélega fundarsókn og væri leitt "hve svívirðilega fáir væru á fundi". Í sambandi við veðurlýsingu taldi Bjarnhéðinn að Landssíminn grípa inn í, þar sem væru tvöfalt fleiri stöðvar.
Hilmar Rósmundsson, Júlíus Sigurðsson og Gísli Eyjólfsson tóku einnig til máls.

Töldu Hilmar og Júlíus að því væru ekki í öllum tilvikum um að kenna að Landssíminn gripi inn í, á þeim stöðum sem ekki senda veðurlýsingu á miðnætti. Júlíus stakk upp á, að kosin yrði 3ja manna nefnd til að athuga málið.

Gísli rifjaði upp gang mála í fyrri viðskiptum félagsins við Veðurstofuna.

Samþykkt var að kjósa nefnd og hlutu þessir kosningu: Hilmar Rósmundsson, Hörður Jónsson, Gísli Eyjólfsson.

6. Formaður ræddi bréf sem borist hafði og var afrit af bréfi, sem skipstjórar og útvegsmenn á Suðurnesjum og í Reykjavík hafa sent þingmönnum sínum og getið er í 7. lið síðustu fundargerðar.

Stjórn Verðanda og nefnd Útvegsbændafélagsins skrifaði greinargerð og sendu þingmönnum okkar með sendinefnd sem gerð var út í þessu skyni.

Í nefnd þessari störfuðu eingöngu skipstjórar og fengu þeir Ármann Eyjólfsson til að teikna svæði þau sem um getur í greinargerðinni inn í sjókort.

Formaður las fundarmönnum greinargerðina.

Bjarnhéðinn Elíasson sagði að þingnefnd hefði tekið vel í landhelgismálið á F.F.S.Í. þingi en það yrði ekki sett fyrir Alþing, ef hætta yrði talin á, að það yrði fellt.

Sagði okkar fulltrúa hafa verið harða á því, að opna ekki hér, nema opnað yrði kringum landið.

Var nú gert kaffihlé.

7. Formaður las bréf frá stjórn F.F.S.Í. um stjórnarsamþykkt gerða á fundi 5/12 1967, þar sem samþykkt var tillaga til umsagnar allra aðildarféлага fiskimanna innan F.F.S.Í. ásamt greinargerð. Er tillagan þess efnis, að fundinn verði "útflutningsstöðull sem telja mætti að nægja mundi útgerð, vinnslustöðvum og verksmiðju, miðað við eðlilegan rekstur. Síðan yrði myndaður verðjöfnunarsjóður fyrir útflutningsaðila, sem úr yrði greitt eftir þar um sömdum reglum, miðað við stöðulverð."

"Heildartekjur sjómanna umfram stöðulverð leggist inn á vaxtareikning, er verði vísitölutryggður, og greiðist úr honum til sjómanna eftir ákveðnum reglum þar um, miðað við stöðulverð. Þetta verði byggt upp með samstarfi allra hlutaðeigandi aðila." Fundarmenn töldu ekki tímabært að ræða þetta mál og greinargerðin ekki nógu glögg um framkvæmd þessa máls.

Stjórninni falið að leita nánari upplýsinga og fylgjast með framgangi mála.

8. Formaður minntist á bréf sem L.Í.Ú. mun hafa sent út um land til útvegsmanna, þar sem þess er æskt að félögin segi upp samningum og veiti L.Í.Ú. umboð til samninga. Vill L.Í.Ú. lækka kjör sjómanna, en samningar eru lausir nú, eftir gengisfellinguna. L.Í.Ú. mun hafa fengið neitun héðan og útvegsbændur fengið jafnvel hótun í staðinn. Þetta mun einnig hafa verið fellt af Austfirðingum eftir upplýsingum eins fundarmann. Hinsvegar sagði formaður að stoppað yrði hér um áramót til að fá hærra fiskverð.

9. Formaður las bréf frá F.F.S.Í. þar sem óskað er þátttöku okkar og kosinn sé maður til að vera með í sjávarútvegssýningu sem sjómanna dagsráð hyggst halda í vor.

Vísar til sjómanna dagsráðs.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 19:00.

14 félagar sátu fundinn.

Gísli Eyjólfsson ritari.

Sigurður Gunnarsson.

155. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi

sunnudaginn 14. janúar 1968 og hófst kl. 14:00 á Hótel Berg.

1. Formaður Sigurður Gunnarsson setti fundinn.
2. Ritari las fundargerð frá 17. nóvember 1967 og leiðrétti í lestrinum tvær ritvillur, sem slæðst höfðu í fundargerðina.

Samþykkt einróma.

Ritari las fundargerð frá 22. des 1967.

Samþykkt einróma.

3. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir Jóhann Guðjónsson Vallatúni.
Samþykkt einróma.

4. Formaður ræddi, samkvæmt fundarboði, hvort stofna skyldi nýjan sjóð, sjúkrasjóð innan félagsins, sem 0,7% rynnu í. Formaður kvað sum félög hafa sett þetta í gamla sjóði sem fyrir hefðu verið í félaginu, önnur hefðu stofnað nýja sjóði. Formaður las upp skriflegar tillögu frá stjórninni.

"Fundur haldinn í S.S. Verðandi sunnudaginn 14. janúar 1968 samþykkir að stofnaður verði sjóður innan félagsins, sem heitir sjúkrasjóður S.s. Verðandi.

Tekjur sjóðsins skulu vera samkvæmt 6. gr. síldarsamningsins 18. gr. vertíðarsamningsins og 6. gr. flutningasamningsins."

Samþykkt einróma.

Formaður kvað þá næst að ræða um hvort hafa skyldi styrktarsjóðinn áfram, eða sameina hann hinum nýja sjúkrasjóði. Þá þyrfti einnig að semja lög og starfsreglur fyrir sjúkrasjóðinn.

Formaður minntist á hve nauðsynlegt það væri að stofnaður væri lífeyrissjóður fyrir bátasjómenn og kvað óviðunandi tómlæti hafa ríkt um það mál.

Formaður skýrði frá því hvernig önnur félög, sem hann hefði haft spurnir af, hefðu um veitingar úr sjúkrasjóði.

Aldan setti 0,7% í sjóð sem fyrir var og breytti lögum hans og nú skal hver Öldufélagi, sem verður frá vinnu, sökum veikinda eða meiðsla fá styrk úr sjóðnum, hafi hann verið í starfi innan 6 mánaða.

Hjá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja mun hafa verið stofnaður sjóður og nefnd sem fjallar um veitingar úr honum. Gísli Eyjólfsson lýsti sig andvígán því að leggja gamla styrktarsjóðinn niður, heldur yrði honum haldið áfram í gamla forminu og veitt úr honum til ekkna og aldraðra félaga, eftir eignum sjóðsins og ástæðum. Sjúkrasjóðnum nýja hinsvegar haldið alveg sér, eingöngu fyrir félagsmenn.

Hilmar Rósmundsson sagði sig algjörlega sammála Gísla og formaður Sigurður Gunnarsson var þessu einnig sammála.

Fleiri tóku ekki til máls, en úr sætum sínum lýstu margir sig þessu sammála.

Formaður bað menn tilnefna menn í nefnd til að semja reglugerð fyrir nýja sjóðinn.

Tilnefndir voru: Hilmar Rósmundsson, Friðrik Ásmundsson, Guðjón Pálsson.

Samþykkt einróma.

Þá ræddi formaður um rukkunina og þann drátt sem á henni hefði orðið.

Okkar sök, að hafa ekki stofnað sjóð fyrr og rukkað í hann.

Leitaði álits fundarins hve langt aftur ætti að rukka.

Guðjón Pálsson taldi heppilegast, að ræða við stjórn útvegsbænda og reyna að semja um að útgerðarmenn borguðu tvö ár, en tveimum yrði sleppt.

Hilmar Rósmundsson taldi vafasamt að fara lengra aftur í tímann en 2 ár. Kvaðst efins í að stætt væri á því að fara langt aftur og láta menn borga í sjóð, sem ekki er til og það jafnvel kostaði herferð með lögfræðingum sem allir vissu að kostaði mikið fé.

Formaður upplýsti, að samkvæmt upplýsingum Jóns Hjaltarsonar lögfræðings væri þetta allt kræft, en liði óðum að fyrningu. Formaður taldi ekki praktískt fyrir félagið að fara að þessu máli með hörku.

Friðrik Ásmundsson sagði 2 ár hámark og reyna að fá þau greidd með góðu. "Við skulum minnst þess, að þetta er ekki trassaskapur og við skulum einnig minnst þess að útgerðarmenn neituðu í haust að segja upp samningum til að lækka kjör okkar og nú finnst því algjörlega óviðeigandi að fara að þeim nú með einhverri hörku," sagði Friðrik að lokum.

Óskar Ólafsson taldi vafasamt að fara of langt aftur í tímann, en nokkrir létu sömu skoðun í ljós úr sætum sínum.

Formaður kvaðst sama sinnis og spurði hvort fundarmenn vissu um nokkurn féлага, sem hættur væri í starfi, er mundi vilja taka að sér rukkun fyrir félagið.

Formaður bar upp skriflega tillögu:

"Fundurinn samþykkir að rukkud verði tvö ár af gjaldföllu tillagi til sjúkrasjóðs en tveimur árum verði sleppt."

Samþykkt einróma.

Var nú gert kaffihlé og rabbað yfir kaffi og kökum, góða stund.

5. Friðrik Ásmundsson ræddi um lög félagsins en nefnd sem kosin var á síðasta aðalfundi hefur farið í gegnum lögina og fundargerðarbækur og rakti Friðrik breytingar sem gerðar hafa verið frá 1954, en þá voru lögin endurskoðuð og prentað eitt eintak sem prufa, en af frekari prentun varð ekki.

Nefndin leggur til að 8. gr. verði breytt, en hún kveður svo á að aðalfundur skuli haldinn í nóvember ár hvert. Þetta hefur ekki verið gert mörg ár, enda mjög óhentugt vegna reikninga að halda aðalfund fyrir áramót.

Nefndin telur ekki ástæðu til annara breytinga.

Formaður þakkaði Friðrik og þar sem engin andmæli komu, en fundarmenn virtust þessu samþykkir í rabbi sín á milli, bar formaður fram munnlega tillögu um breytingu sem ræðast skal á næsta aðalfundi. "Aðalfundur skal haldinn eftir áramót, ár hvert og eigi síðar en 15. febrúar."

Þá varð rætt um prentun laga og nafn eða félagsskírteina, en þau hafa aldrei verið prentuð, þó félagslög kveði svo á.

Formaður bar fram munnlega tillögu:

"Fundurinn felur laganefnd að láta prenta lög félagsins ásamt félagsskírteinum."

Samþykkt einróma.

6. Formaður ræddi helgidagaróðrasamþykkt félagsins frá 1945 og taldi að hún hefði verið allmjög brotin að undanförunu og róid á öllum tímum, og væri annað hvort að fella hana niður eða halda gerða samþykkt.

Formaður mun hér hafa átt við trollbáta og undanbrögð verið að því, að þeir færu út á sunnudagsmorgnum eða fyrri part sunnudags.

Óskar Ólafsson var því andvígur að samþykkt yrði lögð niður.

Minntist á baráttu félagsins fyrir þessu máli og skömm fyrir okkur að leggja samþykkt niður, þar sem margar verstöðvar hafa tekið þetta upp og jafnvel gengið lengra.

Hilmar Rósmundsson kvaðst þessu ekki sammála og ekki kominn til með að samþykkja að ekki mætti róá þegar gæfi, kannski í stopulli tíð.

Um þetta var allmikið rætt.

7. Óskar Ólafsson spurði hvort hafa ætti tíma fyrir línubáta eins og verið hefur eða fella niður.

Eyjólfur Gíslason taldi ófært að fella niður tímann og minntist gamalla tíma, áður en róðrartíminn komst á og hver réri þegar honum sýndist og allt var ein ringulreið.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1964 - 1968

Kosin var Gæslunefnd: Óskar Ólafsson (formaður), Bogi Finnbogason, Hilmar Rósmundsson, Emil Anderssen, Sigfús Guðmundsson, Sveinn Valdimarsson, Sigurgeir Ólafsson, Friðrik Ásmundsson, Örn Friðgeirsson.

Samþykkt einróma.

Í Veiðarfæranefnd voru kosnir Sigurður Gunnarsson (formaður), Hörður Jónsson, Grétar Skaftason.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:40, 20 félagar mættu.

Sigurður Gunnarsson

Gísli Eyjólfsson ritari

Aðalfundur
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu
Verðandi

var haldinn sunnudaginn 21. janúar 1968 og hófst kl. 14:30 í Akóges.

1. Formaður Sigurður Gunnarsson setti fundinn og bauð Ingólf Stefánsson framkvæmdarstjóra F.F.S.Í. velkominn á fundinn. Síðan minntist formaður félagsmanna, sem látist hafa frá síðasta aðalfundi, þeirra: Guðmars Tómassonar, Sigurðar Stefánssonar, Guðmundar Tómassonar.
Fundarmenn risu úr sætum í virðingarskyni við hina látnu.

2. Tekin var fyrir lagabreyting sem rædd var á síðasta fundi.
Umræður urðu ekki og formaður bar tillögu undir atkvæði svo hljóðandi:
"Aðalfundur skal haldinn eftir áramót, ár hvert og eigi síðar en 15. febrúar."
Samþykkt einróma.

3. Gjaldkeri Einar Guðmundsson, las reikninga félagsins og skýrði frá því, að vegna sjúkleika Stefáns Stefánssonar og fráfalls Guðmars Tómassonar sem var varaendurskoðandi hefði stjórnin fengið Hauk Jóhannesson til að endurskoða reikninga félagsins ásamt Karli Guðmundssyni.
Niðurstöðutölur félagssjóðs eru:

Tekjur	152.459,87 kr.
Gjöld	131.504,00 kr.
Mismunur	20.955,87 kr.
Eign	101.136,73 kr.

Samþykkt einróma án umræðna.

Styrktarsjóður: niðurstöðutölur eru:

Tekjur	43.098,18 kr.
Gjöld	23.000,00 kr.
Mismunur	20.098,18 kr.
Eign	252.217,48 kr.

Gjafir og áheit námu 425,00

Samþykkt einróma án umræðna.

Einar minnti menn á gjafa- og áheitabókina sem Hannes Hansson gaf, og í eru skráð áheit og gjafir til styrktarsjóðsins en aðeins ein gjöf barst sjóðnum á árinu.

Gjaldkeri las reikninga ársfagnaðar félagsins.

Nefndin fékk lófaklapp fyrir góða frammistöðu.

Gjaldkeri skýrði frá störfum húsnefndar og las reikninga hennar.

Tekjur	72.616,39 kr.
Gjöld	71.931,64 kr.
Mismunur	684,75 kr.

Reikningar samþykktir einróma án umræðna.

4. Ritari las fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt einróma.

5. Formaður rakti helstu störf félagsins s.l. ár. Fundarsókn léleg og virtist hámark að 20 menn mættu á fundi.
Þetta gerðist helst innan félagsins:

Skipuð var laganefnd og sagði formaður hana hafa unnið vel sín störf og þau mál komin í gott lag.

Kortanefnd var kosin og hefur eitthvað starfað. Nefnd var kosin í sambandi við landhelgismál og vann vel.

Og nú síðast stofnun sjúkrasjóðs.

Formaður þakkaði mönnum vel unnin störf, og sagði að störf félagsins færu eftir félögunum sjálfum.

6. Formaður sagði stjórnarkosningu nú fara fram og vildi hann áður láta þá skoðun sína í ljós að óviðeigandi væri að kjósa menn sem ættu í útgerð í trúnaðarstöður fyrir félagið og á þetta hefði Hilmar Rósmundsson einnig bent á síðasta aðalfundi.

Formaður bað menn tilnefna menn í formannasætið.

Uppástungur bárust um sömu menn, en formaður færðist undan, en aðrir voru ekki tilnefndir.

Eyjólfur Gíslason lýsti stuðningi sínum við uppástunguna og taldi að þó menn ættu hlut í útgerð hefði það engin áhrif á störf þeirra fyrir félagið.

Undir þetta var tekið með lófaklappi.

Formaður Sigurður Gunnarsson.

Varaformaður Hilmar Rósmundsson.

Ritarar endurkosnir með lófaklappi

Ritari Gísli Eyjólfsson

Vararitari Eyjólfur Gíslason.

Gjaldkerar endurkosnir með lófaklappi.

Gjaldkeri Einar Guðmundsson.

Varagjaldkeri Hannes Haraldsson.

Endurskoðendur: endurkosnir.

Stefán Stefánsson

Karl Guðmundsson (Sóleyjargötu)

Til vara: Haukur Jóhannesson.

Sjómannadagsráð:

Úr ráðinu gengu samkvæmt reglum, þeir Hjörtur Hermannsson og Ragnar Runólfsson.

Sjómannadagsráð skipa nú:

Steingrímur Sigurðsson (formaður)

Gísli Einarsson, Óskar Matthíasson, Erling Pétursson, Stefán Friðriksson.

Til vara: Grétar Skaftason, Óskar Þórarinsson, Þórður Rafn Sigurðsson.

Björgunaræfinganevnd: endurkosin.

Kristinn Sigurðsson, Einar Sveinn Jóhannesson, Kristinn Pálsson.

Fánaberar: endurkosnir

Ágúst Bergsson, Grétar Þorgilsson.

Skemmtinevnd: endurkosin með miklu lófaklappi.

Helgi Bergvinsson (formaður), Hannes Harldsson, Sigurður Elíasson, Einar Guðmundsson, Sigþór Sigurðsson.

Til vara: Sigfús Guðmundsson, Angantýr Elíasson.

Fulltrúarráð endurkosið:

Bjarnhéðinn Elíasson, Jón Guðmundsson, Sigurgeir Ólafsson, Eyjólfur Gíslason, Grétar Þorgilsson, Magnús Grímsson.

Til vara:

Guðjón Ólafsson, Elías Sveinsson, Sigfús Guðmundsson, Þorsteinn Gíslason, Sigurður Ögmundsson, Bjarni Sighvatsson.

Gæslunefnd og veiðarfæranefnd kosnar á síðasta fundi.

Varamenn í húsnefnd: Angantýr Elíasson, Guðni Grímsson, (Helgafellsbraut) Leiðr. G.E.

Húsnefnd, endurkosin.

Jón Guðmundsson (formaður)

Einar Guðmundsson (gjaldkeri)

Friðrik Ásmundsson (ritari)

Styrkveitinganefnd endurkosin.

Sigfús Guðmundsson, Kristinn Pálsson, Ólafur Sigurðsson.

Þar með lauk stjórnar- og nefndarkjöri og formaður þakkaði það traust sem sér og stjórninni væri sýnt og þakkaði Eyjólfu Gíslasyni hlý orð í sinn garð.

7. Ritari las uppkast að lögum, sem nefnd kosin var á síðasta fundi gerði, fyrir sjúkrasjóð.

Ingólfur Stefánsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir að vera boðinn á fundinn. Ingólfur benti á að í lagauppkastið vantaði tímatakmark, hve lengi ætti að greiða úr sjóðnum, þetta væri í öðrum sjóðum, t.d. hjá Öldunni 84 dagar. Taldi þetta nauðsynlegt til þess að sjóðurinn gæti ekki tæmst, eins og heyrst hefði að skeð hefði hjá undirmannafélögum.

Ingólfur sagði frá sjóði sem Aldan ætti og rennur ágóði sá, sem sjóðurinn hefur af minningarspjöldum, til jólaglaðnings sjúkra og aldraðra félaga.

Hilmar Rósmundsson bauð Ingólf velkominn á fundinn og ræddi svo uppkastið.

Taldi að hér væri meira um það að menn færu snemma úr skipsrúmi því hér væru menn oft árum saman í sama skipsrúmi og hér væri nefnd, sem skyldi taka ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum. Þess vegna hefði nefndinni fundist tímatakmark óþarft, en það gerði sjálfsagt ekkert til þó það væri.

Hilmar sagði að nefndin áætlaði, eftir lauslega athugun, að í fyrsta atrennu ættu að geta komið í sjóðinn 120 - 150 þúsund krónur og sjóðurinn því að geta komist í gang í árslok 1969. Taldi líklegast að fara af stað með rúkkun í mars - apríl þegar færi að liðkast um aura.

Formaður sagði að formaður Útvegsbændafélagsins hefði ekki haft góð orð um að borga nema 1 ár. Minntist á styrktarsjóðinn sem gegndi svipuðu hlutverki og sjóður sá, sem Ingólfur sagði frá.

Þar sem fleiri tóku ekki til máls bar formaður lagauppkastið undir atkvæði og umræðna og var hver grein lesin upp og borin undir atkvæði

1. gr. Sjóðurinn skal heita Sjúkrasjóður S.s. Verðandi. Samþykkt einróma.

2. gr. Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá félagsmenn sem vegna slysa eða veikinda missa atvinnutekjur sínar, um lengri eða skemmri tíma. Samþykkt einróma.

3. gr. Tekjur sjóðsins eru: I. Samningsbundin gjöld útvegsmanna til sjóðsins. II. Vaxtatekjur. III. Aðrar tekjur, t.d. gjafir eða áheiti. Samþykkt einróma.

4. gr. Sjóðurinn tekur til starfa þegar höfuðstóll hans er orðinn kr. 250.000,00 - tvö hundruð og fimmtíu þúsund.

Þegar höfuðstóllinn hefur náð þessari upphæð má veita úr honum árlega upphæð, sem nemur 3/5 hlutum árstekna hans, en 2/5 hlutar ársteknanna leggjast við höfuðstóllinn. Þegar

sjóðurinn er orðinn kr. 500.000,00 - fimm hundruð þúsund, er heimilt að veita úr honum allar árstekjurnar, aðrar en vaxtatekjur, þeim skal ávallt bæta við höfuðstól.

Samþykkt einróma.

5. gr. Rétt til styrks úr sjóðnum hafa allir fullgildir félagsmenn, sem slasast eða veikjast þegar þeir eru lögskráðir í skiprúm, og hafa þörf fyrir styrk, að dómi sjóðstjórnar. Þó skal henni heimilt að veita mönnum styrk úr sjóðnum í allt að 6 mánuði eftir að þeir eru skráðir úr skipsrúmi. Þó skal enginn eiga rétt á styrk úr sjóðnum á meðan hann er á launum hjá viðkomandi útgerð. Þó skal ekki veita styrk úr sjóðnum þegar farsóttir herja, þar sem það gæti orðið honum ofviða, eða greiða jafnvel meirihluta félagsmanna styrk.

Samþykkt einróma.

6. gr. Umsókn um styrk úr sjóðnum skal senda sjóðstjórn og skal henni fylgja vottorð frá trúnaðarlækni sjóðsins.

Samþykkt einróma.

7. gr. Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Tveir þeirra skulu kosnir á aðalfundi félagsins en einn tilnefndur af Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja. Einnig skulu kosnir tveir varamenn í stjórn, hvor frá sínu félagi. Þá skal og kjósa tvo endurskoðendur eftir sömu reglum og varamenn í stjórn. Sjóðstjórn skiptir með sér verkum.

Samþykkt einróma.

8. gr. Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og skal skrá í hana allar umsóknir um styrki svo og styrkveitingar.

Samþykkt einróma.

9. gr. Sjóðstjórn ber í sameiningu ábyrgð á sjóðnum.

Samþykkt einróma.

10. gr. Allan beinan kostnað við rekstur sjóðsins greiðir hann sjálfur.

Samþykkt einróma.

11. gr. Sé stjórn sjóðsins ekki á einu máli um styrkveitingu eða meðferð sjóðsins, skal ágreiningurinn borinn undir stjórn og fulltrúaráð félagsins.

Samþykkt einróma.

12. gr. Sjóðurinn skal ávaxtast í banka eða vel tryggðum verðbréfum. Verði sjóður þessi að hætta störfum af einhverjum ástæðum, ráðstafar næsti aðalfundur félagsins eignum hans.

Samþykkt einróma.

13. gr. Lögum sjóðsins má aðeins breyta á aðalfundi félagsins.

Samþykkt einróma.

Þá var kosin stjórn og endurskoðandi. Í stjórn sjóðsins voru tilnefndir:

Guðjón Pétursson

Guðjón Pálsson

Samþykkt einróma.

Til vara: Gísli Einarsson

Samþykkt einróma.

Endurskoðandi: Ágúst Bergsson

Samþykkt einróma.

8. Ingólfur Stefánsson ræddi um stofnun lífeyrissjóðs bátasjómana, sem væri mikið nauðsynjamál. Taldi hann að þar sem ekki væri á útgerðina bætandi og hún mundi ekki fær um að inna sín 6 % af hendi yrðu menn að greiða það sjálfir og taldi, að menn finndu það ekki mikið á pyngju sinni að láta t.d. 10 % af hlut sínum í lífeyrissjóð, en það mundi hámark og taldi að megnið af þessu fé lenti annars í skatta.

Sagði frá lífeyrissjóði togarasjómana, sem hefði t.d. lánað mörgum til húsbýgginga.

Sagði einnig frá sjóðstofnun togaraskipstjóra, sem þegar væri orðið allmikið fé og er félögum heimilt að láta 1/6 af tekjum í lífeyrissjóðinn, sem væru óvenju góð kjör og næðust eflaust ekki nú. Eftirlaun eru svo miðuð við meðaltekjur viðkomandi manns s.l. 5 ár.

Þetta mál ræddi einnig Friðrik Ásmundsson, Hilmar Rósmundsson, Gísli Eyjólfsson og formaður Sigurður Gunnarsson og voru allir sammála um að þetta væri mikið nauðsynjamál og skoruðu allir á Ingólf og F.F.S.Í. og hrinda þessu í framkvæmd hið allra fyrsta og fylgja þessu máli fast eftir.

Ingólfur Stefánsson bar upp skriflega tillögu:

"Fundur haldinn í S.s. Verðandi beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnar F.F.S.Í., að unnið verði að stofnun lífeyrissjóðs fyrir yfirmenn bátaflotans."

Samþykkt einróma.

9. Ingólfur Stefánsson ræddi fyrirgreiðslu við síldveiðiflotann á komandi sumri.

Taldi að ætlunin væri að hleypa bátum allt að 200 lestum inn í landhelgina að 5 samanlögðum. Þá væru fáir bátar eftir, sem ekki tæki að fara að gera aukna þjónustu og flutninga, þörfinni fullnægt með Haferninum og Síldinni, og sem dæmi um vinnubrögðin sagði ræðumaður væri, að á Alþingi hefði Jón Ármann Héðinsson sótt um styrk fyrir 5 báta.

Guðjón Pálsson taldi útilokað að stunda síldveiði á minni bátum ef engin fyrirgreiðsla kæmi frá því opinbera, t.d. hefðu verið 8 dagar frá því hann fór af miðunum og þar til komið var aftur á miðin, þegar lengst var.

Ef stunda ætti síldveiði á sömu slóðum og s.l. sumar yrði að auka flutninga- og tækjaþjónustu og koma upp læknaþjónustu og gætum við þakkað Rússum og Norðmönnum á Jan Mayen, að við urðum ekki mönnum fátækari s.l. sumar.

Ingólfur Stefánsson sagði að farið væri fram á að flutningar yrðu auknir um minnst helming, tækjaþjónusta og skip sem tækju saltsíld jafnóðum.

Hilmar Rósmundsson, Sigurður Gunnarsson og Friðrik Ásmundsson ræddu einnig þetta mál og fordæmdu allir að bjarga ætti síldarflotanum með því að senda hann til trollveiða á grunnsævi. Þessu þyrfti að mótmæla og Friðrik minntist á nefnd Verðanda og Útvegsbændafélagsins sem send var til Reykjavíkur með teiknuð kort og tillögu um opnun landhelginnar, þar sem stærsta atriðið var að þetta yrði svæðisbundið. (Sjá tillögu í 12. lið.)

10. Ingólfur Stefánsson ræddi um skattamál er nú liggur fyrir Alþingi, frumvarp um breytingu á skattalögnum.

Hefur F.F.S.Í.-þingið því áorkað, að skattur fæst frádreginn ef hann er greiddur fyrir 1. apríl 1968 og gildir sama um hluta útsvars.

Sagði að á döfinni væri staðgreiðslukerfi skatta og kæmist það sennilega á 1971.

Hilmar Rósmundsson og Gísli Eyjólfsson ræddu einnig skattamálin og skoruðu á Ingólf og F.F.S.Í að fylgjast vel með þessum málum, því það væri stórmál fyrir sjómenn og þá sérstaklega síldarsjómenn.

11. Ingólfur Stefánsson ræddi um fiskverð og að gera yrði kröfu til að fiskverð sé reiknað eftir stöðvum sem hafa hráefni allt árið.

Stöðvum hefur fjölgað mjög eða úr 52 í 68 og eru afköst þeirra frá 6 % - 20 % hámark af mögulegum afköstum. Gera yrði kröfu til Verðlagsráðs, að ekki væri verið að reikna með stöðvum sem ekkert vinna.

Talaði um nýtingu afla og bar saman við Norðmenn sem hirða t.d. sundmaga, gellur og kinnar og sjóða niður lifur með kinnfiski.

Hilmar Rósmundsson og Sigurður Gunnarsson ræddu um fiskverð og hve ótækt væri að reikna með öllum þessum stöðvum.

Sigurður ræddi einnig um fiskmat og hikuðu menn ekki við að brjóta sumar reglur þess og mætti það skrifast á reikning L.Í.Ú.

12. Ingólfur Stefánsson bar upp skriflega tillögu:

"Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi Vestmannaeyjum, 21. janúar 1968, skorar á Sjávarútvegsmálaráðherra að hlutast til um að síldveiðiflotanum verði gert kleift að stunda veiðar með eðlilegum hætti á næstu síldarvertíð."

Samþykkt einróma.

13. Ritari las greinargerð og tillögur sem Jóhann Pálsson ætlar með á Fiskiping.

14. Ingólfur lofaði mönnum til gamans að heyra og sjá nýútgefinn texta opinberra starfsmanna. Var nætúrkaup á klst. 320,00 til 356,48.

Mánaðarkennsla háskólakennara niður í 12 klst. á viku með laun 23 - 25 þús. kr. kaup. 38. klukkustund á viku lengsta vinna, og sagði Ingólfur að sjómenn þyrftu ekkert að vera feimnir við að fá hækkuð laun.

15. Hilmar Rósmundsson ræddi um sunnudagaróðra og mælti með að róa mætti á línu, ef ekki væri róíð meira en 3 róðra í vikunni.

Sagði Hilmar aðstæður frá því þetta var gert og þeim fáu bátum sem á línu væru mismunað miðað við trollbáta, sem færu hvenær sem væri.

Kosin var nefnd til að endurskoða helgidagaróðrasamþykktina.

Óskar Ólafsson

Bogi Finnbogason, Örn Friðgeirsson, Sveinn Valdimarsson.

Feira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:40

23 félagar sátu fundinn.

Sigurður Gunnarsson

Gísli Eyjólfsson

Ritari

157. Fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
sunnudaginn 20. október 1968 og hófst kl. 13:30 á Hótel H.B.

1. Formaður Sigurður Gunnarsson setti fundinn.
2. Vararitari annaðist störf ritara, sem var á hafinu. Las hann upp síðustu fundargerð. Var hún Samþykkt einróma.
3. Formaður hóf máls á því, að á þessum fundi yrði að ræðast:
 1. Uppsögn núgildandi samninga.
 2. Lífeyrisjóðinn og fiskmatið, því eins og það væri nú framkvæmt, væri óviðunandi. Um þessi mál urðu margar umræður, þó aðallega um freðfiskmatið. Júlíus Sigurðsson talaði þrisvar og sagði um fiskimatið, meðal annars, að frá æðri stöðum, væri ávallt að koma strangari kröfur og settar reglur, sem matsmönnum væri skipað að framfylgja. Að okkur bæri að víta þá en ekki þá menn sem verkið vinna. Að öll sjómannafélögin hér, þyrftu að standa sameinuð að þeim mótmælum og líklegast til árangurs, væri að snúa sér til F.F.S.Í. með þau mál. Gísli Jónasson lýsti ánægju sinni yfir að skriða væri komin á lífeyrissjóðsmálið, vék hann síðan nokkrum orðum að fiskmatinu. Þá tóku þessir eftirtöldu menn til máls, aðllega um fiskmatið o.fl.: Gísli Sigmarsson, Friðrik Ásmundsson, Óskar Ólafsson, Sigurður Gunnarsson og Hilmar Rósmundsson, sem taldi að þetta félag myndi verða rétti og máské eini aðilinn, til að mótmæla fiskimatinu, einnig talaði hann um styrktar- og lífeyrissjóðinn. Þá las formaður Sigurður Gunnarsson bréf frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja til S.s. Verðanda, sem hljóðaði svo: "25. september 1968. Hjálagt sendum við yður afrit af bréfi, er við í dag höfum ritað hr. fiskimatsstjóra Bergsteini Á. Bergsteinsyni. Bréfið skýrir sig sjálf, en við töldum rétt, að þér fengjuð að kynnast efni þess." Löggö var fram skrifuð tillaga sem formaður las upp og bar svo upp til samþykktar. Tillagan hljóðar svo: "Fundur í S.s. Verðanda haldinn á Hótel H.B. 20. október 1968, samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd, sem taki það verk að sér að mótmæla strax nýkominni reglugerð um ferskfiskmat o.fl. Nefndin hafi samráð við stjórn félagsins um samningu mótmælabréfs um þessi mál." Tillagan var samþykkt einróma. Þessir menn hlutu kosningu í nefndina: Hilmar Rósmundsson, Gísli Sigmarsson og Bjarnhéðinn Elíasson. Júlíus Sigurðsson lagði til að skorað yrði á fiskimatsstjóra, Bergstein Bergsteinsson, að ræða á þeim fundi hér, ef fiskimatið yrði tekið til umræðu.
4. Fundurinn samþykkir einróma, að stjórninni yrði heimilað að segja upp núgildandi kjarasamningum.
5. Tekið var til umræðu helgarfríin og sunnudagaróðrarnir. Óskar Ólafsson, formaður þeirrar nefndar er kosin var á síðasta fundi, til að athuga þau mál. Sagði hann frá samtali við formann Vélstjórafélagsins o.fl. þar á meðal, að í núgildandi samningum væri þau ákvæði, ef í hart færi, að helgidagaafli væri upptækur. Júlíus Sigurðsson, rakti upphafssögu sunnudagaróðrabannsins, sagði síðan sitt álit á þeim málum og að öll sjómannafélögin hér ættu að hafa eina og sömu reglugerð að fara eftir.

Hilmar Rósmundsson sagðist vera sama sinnis og fyrr, með róðrabannið á sunnudögum, að sér líkaði ekki vel, að vera í landi í blíðu sjóveðrum, þegar frátök hefðu máské verið flesta daga vikunnar.

Síðan vék hann að landhelgismálinu og nefnd þeirri, er nýlega væri skipuð á Alþingi, til athugunar á skiptingu og friðun veiðarsvæða.

Hilmar taldi, að við yrðum að fylgjast vel með gjörðum þessara nefndar.

Að leyfa trollveiðar á þeim svæðum, sem smáfiskur héldi sig og telja mætti uppeldistöðvar, sagði hann fráleitt, því það ætti að friða.

Að skipta bátum niður á viss veiðisvæði, ætti ekki að koma til mála, því slíkt væri ómögulegt.

6. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir Agnar Smára Einarsson, Höfðavegi 15.
Samþykkt einróma.

Fleira ekki tekið fyrir.

32 félagar sátu fundinn, sem var mjög skemmtilegur.

Fundi slitið kl. 16.

Eyjólfur Gíslason
vararitari

Sigurður Gunnarsson

Fundur í fulltrúaráði haldinn að Heiði 4. nóvember 1968.

Þessir eftirtöldu menn sátu fundinn; Sigurður Gunnarsson, Einar Guðmundsson, Eyjólfur Gíslason, Hilmar Rósmundsson, Elías Sveinsson, Guðjón Ólafsson, Guðjón Kristinsson, Bogi Finnbogason, Óskar Ólafsson, Magnús Sveinsson og Grétar Þorgilsson.

Til umræðu var, að gera þá Júlíus Sigurðsson og Sighvat Bjarnason að heiðursmeðlimum í tilefni 30 ára afmælis S.s. Verðanda, fyrir vel unnin störf í félaginu.

Var það samþykkt einróma.

Hilmar Rósmundsson las upp afrit af bréfi er þriggja-manna-nefndin skrifaði Fiskimatsstjóra 23/10, til að mótmæla nýkominni reglugerð um ferskfiskmat o. fl. og líkaði fundarmönnum það vel. Nefndin var kosin á síðasta Verðanda-fundi 20/10.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigurður Gunnarsson

Eyjólfur Gíslason
vararitari

158. Fundur var haldinn í
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi
sunnudaginn 24. nóvember 1968 og hófst kl. 16:10 á Hótel H.B.

1. Formaður setti fundinn og bað vararitari að lesa upp síðustu fundargerð. Var hún samþykkt.
2. Formaður las upp bréf frá Veðurstofu Íslands er skrifað var 24. febrúar 1968. Var það svarbréf við bréfi því, er stjórn S.s. Verðanda skrifaði Veðurstofunni 28. desember 1967.
Því næst las hann upp afrit af bréfi því, er þriggja-manna-nefndin, sem kosin var á síðasta Verðanda-fundi 20/10 til að mótmæla nýkominni reglugerð um ferskfiskmat o. fl. Bréfið var skrifað til fiskimatsstjóra 23. október.
Formaður las líka upp svarbréf frá fiskimatsstjóra til S.s. Verðanda, sem dagsett var 30. október 1968.
Þá sagði formaður Sigurður Gunnarsson frá fundi þeim, er fiskimatsstjóri, mætti hér á, með stjórnnum allra sjómannafélaganna og Útvegsbændafélagsins. Auk stjórnar S.s. Verðanda mættu eftirtaldir skipstjórar á fundinum: Friðrik Ásmundsson, Bjarnhéðinn Elíasson, Sigurgeir Ólafsson og Kristinn Pálsson.
Bað formaður, Friðrik Ásmundsson, að segja frá því helsta, er hafði gerst á fundinum.
Friðrik tók því næst til máls og sagði að hann, ásamt Sigurgeir Ólafssyni og fleiri fundarmönnum, hefðu lagt margar spurningar fyrir freðfiskmatsstjóra í sambandi við matið og nýútgefna greinargerð, því tilhugsandi. Einnig hefði honum verið sagt frá, hvernig fiski væri hrúgað saman í fiskvinnsluhúsum þegar mikið bærisk að, og komið hafi það fyrir að sá fiskur, ýsa, sem metinn hafi verið í Gúanó eða refafóðurs (rauðspretta), hafi svo verið flakaður og pakkað. Allt kæmi þetta fram í lækkuðu fiskverði til þeirra sem fiskinn seldu, sjómönnum og útgerðarmönnum.
Við öllu þessu gaf fiskimatsstjóri loðin svör. Kvaðst nýkominn í þetta embætti, og því ekki þessum hnútum kunnugur, en lofaði öllu góðu, og óskaði eftir góðu og gagnkvæmu samstarfi og ábendingum.
3. Formaður Sigurður Gunnarsson tók næstur til máls, og talaði um fiskaðgerð á sjónum, og þá vinnu yrði að borga sjómönnum sérstaklega og væri nú unnið að því að fá á því bætur.
Svohljóðandi skrifleg tillaga kom fram:
"Fundur haldinn í S.s. Verðanda, sunnudaginn 24/11-68, skorar á fulltrúa sína í Verðlagsráði, standi vel á verði um hagsmuni félaganna, um aðgerð á fiski um borð í veiðiskipi."
Tillagan var samþykkt einróma.
4. Því næst vék formaður að tryggingarmálum og bótaskyldum og hversu áriðandi það væri, að allir sjómenn væru í stéttarfélögum.
Sagðist hann nú hafa fengið reglugerð fyrir nefnd til úthlutunar atvinnuleysisbóta í aðildarfélögum F.F.S.Í., en átta aðildarfélög eru nú innan sambandsins. Til að S.s. Verðandi geti orðið þessa aðnjótandi og eitt af aðildarfélögunum, yrði að kjósa 5 manna nefnd, sem skyldi heita atvinnuleysistryggingarnefnd.
Formaður bað Ármann Eyjólfsson, að lesa upp reglugerðina, sem var 13 málsgreinar og ein þeirra, sú 6. í 8 staflaðum.
Að loknum þessum lestri, voru eftirtaldir menn kosnir í nefndina;
Ágúst Bergsson, Ármann Eyjólfsson, Matthías Óskarsson, Erling Pétursson og Guðmundur Guðfinnsson.
5. Formaður sagði frá bréfi dagsett 15. nóvember 1968, sem S.s. Verðandi hefði fengið frá F.F.S.Í.
Bað hann Friðrik Ásmundsson, að lesa það upp fyrir fundarmenn.

Bréfið hljóðaði uppá: "Að í tilefni 50 ára fullveldi Íslands, ætlaði F.F.S.Í. að stofna til hlutafjáröfnunar, til væntanlegra togarakaupa, á verksmiðjuskuttogara, sem gæti fullunnið allan fisk. Væntir F.F.S.Í. að S.s. Verðandi sýni þessu málefni fullan skilning, með því að kaupa væntanleg hlutabréf.

Fari vel á því, að sjómannastétt Íslands hrindi þessu stórmáli í framkvæmd á þessum tímamótum.

Stofnfundur er boðaður í Reykjavík 1. des.

Lægstu hlutabréf eru áætluð 5000 krónur."

Að loknum lestri, sagði Friðrik, að hann væri þessu máli mjög fylgjandi og ekki ætti S.s. Verðandi að verða dragbítur á því.

Formaður Sigurður Gunnarsson tók til máls og sagði, að við hefðum algjörlega dregist aftur úr öðrum þjóðum með togaraútgerð þar sem við hefðum verið í fremstu röð, með kaupum nýsköpunartogaranna og engin fiskveiðipjóð þá, átt fullkomnari togarafloata, en værum nú orðnir aumastir allra.

Ármann Eyjólfsson sagðist vilja lýsa ánægju sinni á þessu máli og óskaði að sem flestir sjómenn, hér í Eyjum gætu orðið hluthafar í þessu fyrirtæki, en honum þætti hlutabréfin heldur stór, að krónutali, þó hver króna væri ekki mikils virði, en meira fé myndi safnast, ef þau væru lægri. Tók til dæmis, er safnað var hlutafé til Eimskipafélags Íslands, að fjöldi landsmanna hefðu orðið þar hluthafar vegna þess, að lægstu hlutabréf voru niður í 25 kr.

Eyjólfur Gíslason var á sama máli og sagði frá, er safnað var hér fé til kaupa á björgunarskipinu Þór. Að þá hefði ráðið meiru, áhugi en kaupgeta, hjá mörgum sem í það lögðu.

Magnús Grímsson lagði til, að stofnuð yrði deild innan Verðanda, svo að menn gætu sameinast um hlutabréfakaupin. Að því var gerður góður rómur og almenn ánægja með þá ábendingu.

Að enduðum þessum umræðum var kosin 3ja manna nefnd til frekari athugunar á þessu máli og áttu þeir að hraða sínum störfum.

Þessir menn voru kosnir í togarakaupanefnd: Ármann Eyjólfsson, Magnús Grímsson og Finnbogi Finnbogason.

6. Formaður sagði frá, að þegar Ingólfur Stefánsson hefði verið hér á ferð og mætt á freðfiskmatsfundinum, sem fulltrúi og málssvari sjómannastéttarinnar, hefði hann skoðað húsakynni okkar á Heiði, því tilheyrandi, hefði hann skrifað S.s. Verðanda bréf dagsett 22/11-68. Bendir Ingólfur á ýmsar breytingar, til hagræðis í húsinu, þegar væntanleg viðgerð verður framkvæmd. Las formaður það upp.

7. Óskar Ólafsson tók til umræðu, það hneyksli, er varðskip og lögregla úr landi voru send út til að verja rafstreng og vatnslögnina fyrir ásókn togbáta.

Vonaði hann, að slíkt kæmi aldrei oftar fyrir, og að menn gættu sín betur og hinna miklu verðmæta er þar væru á sjávarbotninum.

Ármann Eyjólfsson gaf upp gleggstu mið á raf- og vatnslögnunum.

Ágúst Bergsson gerði fyrirspurn hvort 27 % verðrénun á fiski kæmi á næstu vertíð? Svar, það væri komið niðri 5 %, að heyrst hefði.

Inntökubeiðni frá Ólafi Kristinssyni, Heiðarveg 34, var samþykkt

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:30.

23 félagar sátu fundinn.

Sigurður Gunnarsson

Eyjólfur Gíslason
vararitari.

Fundur í fulltrúaráði S.s. Verðanda haldinn að Breiðabliki í Stýrimannaskólanum 27. nóvember 1968.

Þessir eftirtöldu menn sátu fundinn: Sigurður Gunnarsson, Hilmar Rósmundsson, Hannes Haraldsson, Eyjólfur Gíslason, Bjarnhéðinn Elíasson, Bjarni Sighvatsson, Elías Sveinsson, Guðjón Ólafsson, Magnús Grímsson, Þorsteinn Gíslason, Ágúst Bergsson, Ármann Eyjólfsson, Bergþór Guðjónsson, Finnboji Finnbogason og Sigurður Ólafsson.

Formaður Sigurður Gunnarsson, bað Ármann að segja frá störfum togarakaupaneftndar. Ármann byrjaði á að lesa upp bréf frá Ingólfi Stefánssyni, er sagði frá væntanlegum verksmiðjutogarakaupum, með forustu F.F.S.Í. og sjómannastéttarinnar, til að koma þessu máli í framkvæmd.

Þar næst las Ármann upp tillögur og ábendingar togarakaupaneftndar.

Voru það tvær vérlitaðar síður. Var það allmerkilegt plagg, og sumar málsgreinar í lögfræðilegu formi.

Upphaf annarar greinar hljóðaði svo:

"Lágmarkstillag í nafni S.s. Verðanda verði kr. 50.000,00. Tillag þetta verði þannig fengið, að S.s. Verðandi leggi fram 25.000,00 kr. úr sjóðum sínum, en það sem á vanti verði myndað af frjálsum framlögum félagsmanna."

Formaður, Sigurður Gunnarsson, þakkaði nefndinni vel unnið starf.

Hilmar Rósmundsson gerði fyrirspurn á hvaða forsendum F.F.S.Í. hugsaði sér að reka svona útgerð? Því yrði hann einnig að lýsa yfir að ekki væri hann bjartsýnn á þetta fyrirtæki, en myndi samt ekki skorast undan að leggja sitt fram, jafnt öðrum, þegar þar að kæmi.

Ármann svaraði og sagði í þeim tilgangi að koma þessu máli áleiðis og til framkvæmda og gera betur, heldur en nefnd sú er kosin var á síðasta Alþingi og ekkert hefði enn heyrst frá. En sjálfsagt væri að fylgjast vel með þessu máli og athuga gaumgæfilega þeirra gang.

Formaður Sigurður Gunnarsson bar upp svohljóðandi tillögu

"Að S.s. Verðanda sé heimilt að leggja allt að 25 þúsund kr., til væntanlegra togarakaupa."

Tillagan var samþykkt einróma.

Fundarmenn mæltust eindregið til, að Sigurður Gunnarsson tæki að sér, að mæta fyrir hönd S.s. Verðanda á stofnfundi hinna væntanlegra verksmiðjutogarakaupta, sem boðað hafði verið til og halda ætti í Reykjavík 1. desember. Lofaði Sigurður að fara, ef veður og aðrar aðstæður leyfðu.

Varaformaður S.s. Verðanda, Hilmar Rósmundsson spurðist fyrir, hvort hugsað hefði verið fyrir, eða skipulagt, frá S.s. Verðanda, við minningarathöfnina yfir skipshöfninni á m/s Þráinn, er fara ætti fram í Landakirkju næstkomandi laugardag, 30. desember.

Formaður Sigurður Gunnarsson, kvað svo ekki vera en bað Hilmar að taka þær framkvæmdir að sér í sinn stað, og lofaði Hilmar því.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Sigurður Gunnarsson

Eyjólfur Gíslason
vararitari.